



# ÁRSSKÝRSLA

## SKÓLAÁRIÐ 2023-2024



JÚNÍ 2024

**ÁRSSKÝRSLA GRUNNSKÓLANS Í BORGARNESI SKÓLAÁRIÐ 2023-2024**

**JÚNÍ 2024**

**ÚTGEFANDI: GRUNNSKÓLINN Í BORGARNESI**

**GUNNLAUGSGATA 13**

**310 BORGARNES**

**SÍMI 433 7400**

**NETFANG: GRUNNBORG@GRUNNBORG.IS**

**VEFFANG [www.grunnborg.is](http://www.grunnborg.is)**

Efnisyfirlit

<b>1. FORMÁLI</b>	<b>8</b>
<b>2. INNGANGUR</b>	<b>9</b>
<b>3. HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR</b>	<b>10</b>
3.1 SKÓLASTJÓRNENDUR	10
3.2 SKÓLARÁÐ	10
3.3 FORELDRAFÉLAG	10
3.4 NEMENDARÁÐ	11
3.5 NEMENDAVERNDARRÁÐ	11
3.6 SÉRFRÆÐIÞJÓNUSTA	12
3.7 ÁFALLARÁÐ	12
3.8 EINELTISTEYMI	12
3.9 ÖRYGGISNEFND	12
3.10 NEMENDAFJÖLDI	13
3.11 SKÓLALÓÐ	13
3.12 SKÓLAAKSTUR	14
3.13 ÁHERSLUR Í SKÓLASTARFI	14
3.14 SKIPULAG KENNSLU	15
<i>Viðmiðunarstundaskrá og skipting námsgreina</i>	<i>15</i>
<b>4. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 1. BEKKJAR</b>	<b>17</b>
4.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG	17
4.2 NÁMSMAT	17
4.3 VIÐBURÐIR	17
<b>5. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 2. BEKKJAR</b>	<b>18</b>
5.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG	19
5.2 NÁMSMAT	19
5.3 VIÐBURÐIR	19

<b>6.</b>	<b>SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 3. BEKKJAR .....</b>	<b>20</b>
6.1	HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG.....	20
6.2	NÁMSMAT .....	20
6.3	VIÐBURÐIR OG FERÐALÖG.....	21
<b>7.</b>	<b>SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 4. BEKKJAR .....</b>	<b>21</b>
7.1	HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG.....	21
7.2	NÁMSMAT .....	22
7.3	VIÐBURÐIR OG FERÐALÖG.....	22
<b>8.</b>	<b>SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 5. BEKKJAR .....</b>	<b>22</b>
8.1	HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG .....	23
8.2	KENNSLUHÆTTIR/SKIPULAG .....	23
8.3	NÁMSMAT .....	23
8.4	VIÐBURÐIR .....	23
<b>9.</b>	<b>SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 6. BEKKJAR .....</b>	<b>24</b>
9.1	HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG .....	24
9.2	KENNSLUHÆTTIR/SKIPULAG .....	24
9.3	NÁMSMAT.....	25
9.4	VIÐBURÐIR .....	25
<b>10.</b>	<b>SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 7. BEKKJAR.....</b>	<b>25</b>
10.1	HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG .....	26
10.2	KENNSLUHÆTTIR/SKIPULAG .....	26
10.3	NÁMSMAT.....	26
10.4	VIÐBURÐIR .....	26
<b>11.</b>	<b>SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 8. BEKKJAR.....</b>	<b>27</b>
11.1	HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG.....	27
11.2	KENNSLUHÆTTIR/SKIPULAG.....	27
11.3	NÁMSMAT.....	28
11.4	VIÐBURÐIR .....	28

<b>12.</b>	<b>SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 9. BEKKJAR</b> .....	<b>28</b>
12.1	HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG .....	29
12.2	KENNSLUHÆTTIR/SKIPULAG .....	29
12.3	NÁMSMAT.....	29
12.4	VIÐBURÐIR .....	29
<b>13.</b>	<b>SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 10. BEKKJAR</b> .....	<b>30</b>
13.1	HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG .....	30
13.2	KENNSLUHÆTTIR/SKIPULAG .....	30
13.3	NÁMSMAT.....	31
13.4	VIÐBURÐIR .....	31
<b>14.</b>	<b>SKÝRSLA ÍÞRÓTTAKENNARA</b> .....	<b>31</b>
14.1	NÁMSMAT.....	32
14.2	SUNDKENNSLA.....	32
14.3	NÁMSMAT.....	32
<b>15.</b>	<b>SÉRKENNSLA, ÞROSKAÞJÁLFN OG ÖNNUR STUÐNINGSÚRRÆÐI</b> .....	<b>32</b>
15.1	NEMENDATEYMI.....	33
15.2	STUÐNINGSÚRRÆÐI GRUNNSKÓLANS Í BORGARNESI .....	33
<b>16.</b>	<b>BRÚ – MÓTTÖKUEILD FYRIR ÍSAT NEMENDUR</b> .....	<b>33</b>
16.1	NEMENDAFJÖLDI OG KENNSLUSTUNDIR .....	34
16.2	HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG.....	35
16.3	NÁMSMAT Í LOK SKÓLAÁRSINS .....	36
16.4	ÁÆTLAÐUR NEMENDAFJÖLDI NÆSTA SKÓLAÁR 2024-2025.....	36
16.5	SAMANTEKT .....	37
<b>17.</b>	<b>SKÝRSLA TEXTÍLKENNARA</b> .....	<b>37</b>
17.1	MARKMIÐ .....	37
17.2	UPPBYGGING KENNSLUNNAR/KENNSLUAÐFERÐIR .....	37
17.3	NÁMSEFNI/GÖGN .....	37
17.4	ALMENNT HORFT YFIR SKÓLAÁRIÐ.....	39

<b>18.</b>	<b>SKÝRSLA HÖNNUNAR OG SMÍÐA</b> .....	<b>39</b>
18.1	ÁRGANGA/HÓPA SKIPTING OG VERKEFNI: .....	39
18.2	KENNSLUHÆTTIR OG NÁMSMAT .....	40
18.3	VIÐBURÐIR .....	41
18.4	HUGLEIÐINGAR KENNARA .....	41
<b>19.</b>	<b>SKÝRSLA HEIMILISFRÆÐIKENNARA</b> .....	<b>41</b>
19.1	KENNSLUAÐFERÐIR OG NÁMSMAT .....	42
19.2	ÁHERSLUR .....	43
19.3	HUGLEIÐINGAR KENNARA (Á VORÖNN) .....	43
<b>20.</b>	<b>SKÝRSLA MYNDMENNTAKENNARA</b> .....	<b>43</b>
20.1	NÝNÆMI OG HUGLEIÐINGAR KENNARA .....	47
<b>21.</b>	<b>VAL</b> .....	<b>48</b>
<b>22.</b>	<b>VETTvangsferðir á vegum grunnskólans í Borgarnesi</b> .....	<b>49</b>
<b>23.</b>	<b>NEMENDAFÉLAG – FÉLAGSSTARF</b> .....	<b>50</b>
<b>24.</b>	<b>ÞRÓUNARVERKEFNI</b> .....	<b>51</b>
24.1	LESTUR .....	51
24.2	TEYMI .....	52
24.3	LAUSNATEYMI .....	52
24.4	LEIÐSAGNARNÁM .....	53
24.5	ÖRYGGISNEFND .....	53
24.6	SAMSTARF VIÐ ERLENDA SKÓLA .....	54
<b>25.</b>	<b>BÓKASAFN</b> .....	<b>55</b>
25.1	SAFNASTARF .....	55
25.2	FLOKKUN .....	55
25.3	KLÚBBAR .....	56
25.4	SAMSAFN .....	56
25.5	LISTFENGI .....	56
25.6	BÓKASAFNSDAGURINN .....	56

25.7	HREKKJAVAKA .....	57
25.8	PRAUTABRAUT.....	57
25.9	BÓKAKAFFI.....	57
25.10	BANGSASTUND.....	57
25.11	DAGUR GEGN EINELTI .....	57
25.12	SKÓLAHÓPAR .....	57
25.13	AÐVENTA .....	58
25.14	BÓKAKYNNINGAR.....	58
25.15	BÓKAVERÐLAUN BARNANNA .....	58
25.16	LESARI MÆLIR MEÐ.....	58
25.17	OPIÐ HÚS.....	58
25.18	HEIMSÓKNIR.....	58
25.19	STARFSFÓLK OG AÐBÚNAÐUR.....	59
25.20	AÐFÖNG OG AÐFANGASTEFNA.....	59
25.21	LOKAORÐ .....	59
<b>26.</b>	<b>SKÝRSLA VELFERÐARKENNARA (BÚBBLAN).....</b>	<b>60</b>
26.1	HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG .....	60
26.2	KENNSLUHÆTTIR/SKIPULAG .....	61
26.3	NÁMSMAT.....	61
<b>27.</b>	<b>SAMANTEKT .....</b>	<b>61</b>

---

## 1. FORMÁLI

---

Markmið með ársskýrslunni er að gera grein fyrir því fjölbreytta starfi sem unnið er í skólanum ár hvert. Skýrslan er mikilvægt gagn til að halda saman nauðsynlegum upplýsingum úr skólstarfinu.

Aðrar frekari upplýsingar um daglegt starf í skólanum er að finna á heimasíðu hans ([www.grunnborg.is](http://www.grunnborg.is)) og á Facebooksíðu skólans.

Skýrslunni er dreift til fræðslunefndar og bókasafns Grunnskólans í Borgarnesi. Skýrslan kemur einnig út á rafrænu formi og er þannig aðgengileg á heimasíðu skólans.

Júlía Guðjónsdóttir, skólastjóri.



---

## 2. INNGANGUR

---

Skólastjóri skólans heitir Júlía Guðjónsdóttir, aðstoðarskólastjóri er Ragnhildur Kristín Einarsdóttir, deildarstjóri yngsta stigs er Arna Einarsdóttir, deildarstjóri miðsstigs er Hulda Hrönn Sigurðardóttir og Kristín Valgarðsdóttir er deildarstjóri unglingsstigs. Elín Matthildur Kristinsdóttir tók stöðu deildarstjóra í 20% stöðu í vetur.

Skólastjórnendur mættu til vinnu þriðjudaginn 8. ágúst en skólaárið hófst hjá kennurum og almennu starfsfólki mánudaginn 15. ágúst. Starfsdagurinn byrjaði með starfsmannafundi þar sem stjórnendur buðu starfsmenn velkomna til starfa ásamt því að línur voru lagðar fyrir komandi vetur. Skólaásetningin var haldin þriðjudaginn 22. ágúst. Eftir skólaásetningu héldu nemendur svo með umsjónarkennurum sínum í skólann þar sem þeir fengu stundatöflur, skóladagatal auk þess sem námsefni vetrarins var kynnt. Kennsla hófst svo samkvæmt stundaskrá miðvikudaginn 23. ágúst.

---

### 3. HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR

---

---

#### 3.1 SKÓLASTJÓRNENDUR

---

Júlía Guðjónsdóttir, skólastjóri

Ragnhildur Kristín Einarsdóttir, aðstoðarskólastjóri

Arna Einarsdóttir, deildarstjóri yngsta stigs

Hulda Hrönn Sigurðardóttir, deildarstjóri miðsstigs

Kristín Valgarðsdóttir, deildarstjóri unglíngastigs

Elín Matthildur Kristinsdóttir, deildarstjóri í 20% stöðu

---

#### 3.2 SKÓLARÁÐ

---

Júlía Guðjónsdóttir, skólastjóri

Elín Matthildur, fulltrúi kennara

Helena Guðmundsdóttir, fulltrúi kennara

Hulda Geirsdóttir, fulltrúi starfsmanna

Hildur Sveinsdóttir, fulltrúi foreldra

Margrét Freyja Viðarsdóttir, fulltrúi foreldra

Magnús B. Jóhannsson, fulltrúi grenndarsamfélags/foreldra

Björgvín Þór Ívarsson, fulltrúi nemenda

Halldór Bjarni Steinunnarson, fulltrúi nemenda

---

#### 3.3 FORELDRAFÉLAG

---

Bogi Örn Emilsson, formaður

Gunnhildur Guðbrandsdóttir, gjaldkeri  
Dagný Þorkelsdóttir, ritari  
Kristín H. Kristjánsdóttir, meðstjórnandi  
Helga Margrét Friðriksdóttir, meðstjórnandi  
Auður Helgadóttir Möller, meðstjórnandi  
Páll Arnar Steinarsson, meðstjórnandi

---

### 3.4 NEMENDARÁÐ

---

Björgvin Þór Ívarsson, formaður  
Halldór Bjarni Steinunnarson, varaformaður  
Sigurgeir Erik Þorvaldsson, gjaldkeri  
Alda Rut Eðvarsdóttir, ritari  
Brynjar Þór Þorsteinsson, meðstjórnandi  
Freyja Morbjerg, meðstjórnandi  
Auðunn Atli Scott, tæknistjóri  
Aðstoðartæknistjórar eru Birgir Ívar Pálmason og Sindri Karl Sigurjónsson

---

### 3.5 NEMENDAVERNDARARRÁÐ

---

Júlía Guðjónsdóttir, skólastjóri  
Kristín Valgarðsdóttir, deildarstjóri unglíngastígs  
Margrét Gísladóttir, skólaþjónusta  
Steinunn Fjóla Benediktsdóttir, skólaþjónusta  
Ester Ingvarsdóttir, sálfræðingur  
Guðríður Ringsted, skólahjúkrunarfræðingur  
Hákon Konráðsson, fulltrúi barnaverndar

---

### 3.6 SÉRFRÆÐIÞJÓNUSTA

---

Ester Ingvarsdóttir, sálfræðingur

Guðríður Ringsted, skólahjúkrunarfræðingur.

Margrét Gísladóttir, málastjóri

Steinunn Fjóla Benediktsdóttir, skólaþjónusta

Einnig er hægt að kalla til annarra sérfræðinga ef til þarf.

---

### 3.7 ÁFALLARÁÐ

---

Júlía Guðjónsdóttir, skólastjóri

Ragnhildur Kristín Einarsdóttir, aðstoðarskólastjóri

Skólahjúkrunarfræðingur

Sóknarprestur

---

### 3.8 EINELTISTEYMI

---

Júlía Guðjónsdóttir, skólastjóri

Ragnhildur Kristín Einarsdóttir, aðstoðarskólastjóri

Elín Matthildur Kristinsdóttir, velferðarkennari og deildarstjóri

---

### 3.9 ÖRYGGISNEFND

---

Þórarinn Torfi Finnbogason, húsvörður

Hulda Geirsdóttir, skólaritari

Hildur Hallkelsdóttir, náttúrufræðikennari

Haraldur Már Stefánsson, umsjónarkennari

### 3.10 NEMENDAFJÖLDI

Nemendur skólans eru í dag 326 og er áætlaður fjöldi nemenda næsta skólaárið er 316.

Tafla 1 hér að neðan sýnir sundurliðun á nemendafjölda grunnskóladeildar eftir bekkjum og kyni í lok skólaárs.

*Tafla 1: Sundurliðun á nemendafjölda vorið 2024.*

Bekkur	Fjöldi	Strákar	Stelpur	Umsjónakennarar
1.	31	14	17	Sigrún Sigurðard./Sæbjörg Kristmannsd.
2.	31	15	16	Guðrún St. Guðbrandsd./Margrét Eggertsd.
3.	32	18	14	Heiðrún H. Marteinsd./Hólmfríður Ólafsd
4.	25	12	13	Sigrún Sveinsd./Steinunn Þ. Bjarnad.
5.	28	14	14	Einar Sigurðss./ Helgar Harðard.
6.	39	18	21	Jón Hrafn Baldvinss./Linda Björk Ólafsd.
7.	28	17	11	Bjarni Bachmann./Fjóla V. Guðjónsd.
8.	35	17	18	Birna Hlín Guðjónsdóttir
9.	37	18	19	Haraldur M. Stefánss./ Kolbrún Þ. Gunnarsd
10.	40	19	21	Dagmar M. Harðard./Sigríður Arnardóttir

### 3.11 SKÓLALÓÐ

Í kringum skólann er óafgirt skólalóð og hafa nemendur stórt og gott svæði til að leika sér á. Á svæðinu er sparkvöllur sem er mikið notaður. Á svæðinu eru einnig rólur, hengirúm, sjóræningjaskip, körfuboltavöllur og svið. Í vetur komu tvær færanlegar kennslustofur sem taka þó nokkuð pláss á skólalóðinni. Á skólalóðinni er brekka sem nemendur nota til að renna sér þegar það er snjór, þar er einnig snjóboltakastsvæði nemenda.

---

### 3.12 SKÓLAAKSTUR

---

Nemendur af Mýrunum sækja skólann og er lengsti aksturinn af bæjum sem eru staðsettir í Kolbeinsstaðahreppi. Innanbæjarakstur er í Borgarnesi og eru það nemendur frá Dílahæð og upp í Bjargslund sem nýta þann akstur. Skólabílstjórar skólans eru Sigurður Arilússon, Gísli Þórðarson, Jón S. Egilsson, Einar Örn Karelsson, Sveinn Gunnar Eðvarðsson, Sigurbjörn Jóhann Garðarsson og Garðar Sveinn Jónsson.

---

### 3.13 ÁHERSLUR Í SKÓLASTARFI

---

Meginstefna skólans er að efla nemendur sem einstaklinga, gera þá hæfa til að vinna með öðrum til að taka þátt í lýðræðisþjóðfélagi sem stöðugt er að taka breytingum. Við viljum sjá ábyrga einstaklinga sem geta sýnt samkennd með öðrum. Einstaklinga sem bera virðingu jafnt fyrir sjálfum sér og umhverfi sínu, sem láta sér annt hver um annan, geta unnið með öðrum, hafa dug til að standast þrýsting neikvæðra áhrifa og bera virðingu fyrir mismunandi sjónarmiðum og einstaklingsmun. Vörðurnar á þessari leið eru Uppbyggingarstefnan, Grænánaverkefnið, Heilsueflandi grunnskóli, gott foreldrasamstarf, námsmatið og kennslufyrirkomulagið. Við lítum á hvern árgang sem eina heild og er skólinn teymiskennslu skóli. Með teymiskennslu er verið að koma betur til móts við hvern nemanda, m.a. með því að skipta í hópa eftir þörfum, getu og áhuga. Þetta er fimmtí veturinn sem skólinn vinnur sem teymiskennslu skóli eftir hafa tekið þátt í innleiðingafærlí ásamt Grunnskóla Borgarfjarðar undir leiðsögn Ingvars Sigurgeirssonar. Við höfum náð markmiði okkar og getum stolt kallað okkur teymiskennsluskóla. Fyrir nokkrum árum fórum við í verkefni tengdu bekkjaranda og betri skólabrag sem við vinnum eftir. Í vetur hófst innleiðingafærlí á leiðsagnanámi með leiðbeinendur frá HA. Þetta gerum við í samstarfi með GBF.

Til að sýn okkar á skólastarfinu nái fram að ganga þarf samstarf heimilis og skóla að vera gott og með velferð nemandans að leiðarljósi. Einkunnarorð skólans eru **sjálfstæði, ábyrgð, virðing og samhugur**. Þessi orð eru burðarstólpar hugmyndafræði skólans í uppeldismálum sem ber heitið „**Uppeldi til ábyrgðar**“. En hugmyndafræðin miðar að því að kenna börnum og unglingum sjálfstjórn og sjálfsaga, að taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum og læra af mistökum í samskiptum. Í nýrri útgáfu skólanámskrár er miðað við að einkunnarorð skólans og uppeldisstefnan séu sýnileg.

#### **Heimaskóli Menntavísindasviðs H.Í**

Skólinn tekur á móti nemendum í bæði B.Ed. og M.Ed. námi við Menntavísindasvið H.Í og veitir þeim aðgang að skólanum til að vinna þau verkefni sem tengjast vettvangi. Verkefni felast m.a. í æfingakennslu, kynningarheimsóknum, þátttöku í undirbúningi, framkvæmd kennslu og athugunum á skólastarfi svo eitthvað sé nefnt. Leiðbeinendakennari tekur þátt í frammistöðumati á nemum og leiðbeinir þeim á vettvangi. Þá hefur skólinn einnig haft samstarf við Háskólann á Akureyri um vettvangsnám og æfingakennslu kennaranema. Þrír kennaranemar voru í vettvangsnámi við skólann í vetur.

### 3.14 SKIPULAG KENNSLU

Lög um grunnskóla ákvarða nánar námssvið og viðfangsefni skólstarfsins. Í 25. gr. laganna segir m.a. að setja skuli ákvæði um inntak og skipulag náms. Þar segir jafnframt að kveða skuli á um hlutfallslega skiptingu tíma milli námssviða og námsgreina í grunnskóla. Þess skuli gætt að námið verði sem heildstæðast, en hver grunnskóli ákveði hvort námsgreinar og námssvið séu aðgreind eða samþætt í kennslu. Skólastjóri ber faglega ábyrgð á skipan kennslu. Að öllu jöfnu er gert ráð fyrir því að námsgreinar og námssvið grunnskóla dreifist eðlilega á námstímann og samkvæmt faglegum sjónarmiðum.

#### **VIÐMIÐUNARSTUNDASKRÁ OG SKIPTING NÁMSGREINA**

Í aðalnámskrá grunnskóla birtist viðmiðunarstundaskrá sem skólum ber að fara eftir. Viðmiðunarstundaskráin býður upp á sveigjanleika innan námssviða og milli áfanga.

Tafla 2: Viðmiðunarstundaskrá samkvæmt aðalnámskrá 2011.

Námssvið	1.-4. bk.	5.-7. bk.	8.-10. bk.	1.-10. bk.
	Heildartími	Heildartími	Heildartími	Heildartími
Námsgreinar	Mín. á viku	Mín. á viku	Mín. á viku	Mín. á viku
Íslenska, íslenska sem annað tungumál, íslenskt táknmál	1.120	680	630	18,08%
Erlend tungumál: Enska og danska eða önnur Norðurlandamál	80	460	840	10,27%
List- og verkgreinar	900	840	340	15,48%
Náttúrugreinar	420	340	360	8,33%
Skólaíþróttir (sund og íþróttir)	480	360	360	8,93%
Samfélagsgreinar: Trúarbragðafræði, lífsleikni, jafnréttismál og siðfræði	580	600	360	11,46%
Stærðfræði	800	600	600	14,88%
Upplýsinga- og tæknimennt	120	160	80	2,68%
Til ráðstöfunar / val	300	160	870	9,90%
<b>Alls</b>	<b>4.800</b>	<b>4.200</b>	<b>4.440</b>	<b>100,00%</b>

Tafla 3: Skipting námsgreina skólaárið 2023-2024 í 40 mínútna kennslustundum.

Námsgreinar	Árgangur									
	1. bk.	2. bk.	3. bk.	4. bk.	5. bk.	6. bk.	7. bk.	8. bk.	9. bk.	10. bk.
Íslenska	8.5	8	7	7	6.5	6	6	6	6	6
Stærðfræði	6	6	6	6	6	6	6	6	6	6
Danska	0	0	0	0	0	1	3	3	3	3
Enska	0	0	0	2	2.5	2	2	3	4	4
Samfélagsfræði	4.5	4	3	3	5	5	4.5	5	3	3
Náttúrufræði	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3
Upplýsinga- og tæknimennt	0	1	1	1	1	1	1	1	1	1
Íþróttir	2	2	2	2	2	2	2	2	3	3
Sund	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1
Heimilisfræði	0.5	0.5	1	1	1.25	1.25	0.9	0.9	0.6	0.6
Hönnun og smíði	0.5	0.5	1	1	1.25	1.25	0.9	0.9	0.6	0.6
Textíl	0.5	0.5	1	1	1.25	1.25	0.9	0.9	0.6	0.6
Myndmennt	0.5	0.5	1	1	1.25	1.25	0.9	0.9	0.6	0.6
Leiklist/Tónmennt	2	2	2	2	2	2	0.9	0.9	0.6	0.6
Val	2	2	2	0	1	1	2,5	3	3	3
<b>Samtals</b>	<b>30</b>	<b>30</b>	<b>30</b>	<b>30</b>	<b>35</b>	<b>35</b>	<b>35</b>	<b>37</b>	<b>37</b>	<b>37</b>
<b>Viðmið</b>	<b>30</b>	<b>30</b>	<b>30</b>	<b>30</b>	<b>35</b>	<b>35</b>	<b>35</b>	<b>37</b>	<b>37</b>	<b>37</b>



---

## 4. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 1. BEKKJAR

---

Í árganginum voru 31 nemendur að hausti, 14 drengir og 17 stúlkur. Einn drengur bættist við í febrúar og einn hætti um páskana. Umsjónarkennarar voru tveir, Sigrún Sigurðardóttir og Sæbjörg Kristmannsdóttir. Sigríður Hrund Hálfánardóttir var þroskaþjálfari hjá okkur í vetur og Guðrún Rebekka Kristjánsdóttir sá um sérkennslu. Andie Silviudóttir var stuðningsfulltrúi í bekknum. Eva Lára kenndi hönnun og smíði, Jóhanna M. Þorvaldsdóttir kenndi textíl ásamt Eddu Soffíu (leysti Jóhönnu af tímabundið), Anna Sigríður Guðbrandsdóttir kenndi myndmennt, og Katrín Rósa Eðvaldsdóttir kenndi heimilisfræði. Sumarliði Páll Sigurbergsson og Davíð Guðmundsson kenndu íþróttir og sund.

---

### 4.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG

---

Stuðst var við aðalnámskrá grunnskóla og kennslan skipulögð í samræmi við það. Lagt var upp með að hver nemandi fengi að njóta sín. Áhersla var lögð á sjálfstæð vinnubrögð og námið sniðið að þörfum hvers og eins. Notaðar voru fjölbreyttar kennsluáðferðir s.s. para-, hópa- og stöðvavinna sem og fjölbreytt námsmat. Uppeldisstefnan, Uppeldi til ábyrgðar var höfð að leiðarljósi.

Sjónrænt skipulag var notað ásamt tímavaka. Kennt var samkvæmt aðferðum Byrjendalæsis og áhersla á samþættingu námsgreina. Mikil áhersla var lögð á lestur bæði í skólanum og heima.

Mikið var lagt upp úr Leiðsagnarnámi þar sem hrós var haft að leiðarljósi, að þjálfra heilann og þrautsegju.

---

### 4.2 NÁMSMAT

---

Lesferill var lagður fyrir nemendur í janúar og maí og niðurstöður settar inn á Skólagátt.

Hópaavinna og almenn vinnubrögð í byrjendalæsi voru einnig metin. Í stærðfræði var námsmat jafnt og þétt yfir veturinn.

Náttúru- og samfélagsfræði var samþætt við byrjendalæsi.

Við lögðum líðankönnun fyrir nemendur einu sinni yfir veturinn í febrúar fyrir nemenda- og foreldraviðtölin.

Foreldraviðtöl fóru fram þrisvar sinnum yfir veturinn (október, febrúar og lok maí, byrjun júní). Farið var yfir líðan, námsferil og vinnubrögð.

Hæfniviðmið voru metin í stærðfræði, íslensku, náttúrufræði, samfélagsfræði og upplýsingamennt ásamt lykilhæfni. Á skólaslitunum fengu nemendur viðurkenningarskjal fyrir að hafa lokið 1. bekk.

---

### 4.3 VIÐBURÐIR

---

Farið var reglulega í gönguferðir um nágrenni skólans þar sem lögð var áhersla á umferðarreglur.

Einnig var farið reglulega í Skallagrímgarð, Kjartansróló og á Bjössaróló. Leikskólarnir Klettaborg og Ugluklettur voru heimsóttir að hausti þar sem nemendur fengu að taka þátt í söngstund og voru með leikskólabörnunum í útiveru. Við tíndum rusl á Kveldúlfsvelli í tengslum við Vordaga skólans. Námsefniskynning var í byrjun haust sem umsjónarkennarar sáu um ásamt lestrarfræðslu- fræðslu um lestur og heimalestur. Þátttaka foreldra var góð og voru glærur sendar heim í lok kynningar. Haldin var 100 daga hátíð þar sem nemendur unnu í stöðvum fjölbreytt verkefni með áherslu á talningu (telja góðgæti, teikna skrímsli eftir fyrirmælum, skrifa orð á renning). Eftir hádegismat var horft á mynd og góðgætið borðað. Við sungum á árshátíðinni tvö lög þar sem 3 stelpur kynntu seinna lagið.

Í febrúar fengu nemendur 8 tíma í danskenslu á vegum Dansskóla Jóns Péturs.

Leikskólabörn komu í heimsókn og kom hver hópur tvisvar sinnum. Fyrsta heimsókn var 22. jan og síðasta heimsókn var 7.mars.

Sinfóníuhljómsveit Íslands hélt tónleika í íþróttahúsinu þar sem Maximúskrúsímús var sýnd. Einnig kom Skólahljómsveit Vesturbæjar og miðborgar í skólann og hélt tónleika fyrir nemendur skólans.

Á opnum degi í skólanum voru nemendur með kynningu á líkamanum þar sem þör spurðu hvort annað spurninga. Einnig sungu þeir lagið Furðuverk. Eftir það buðu nemendur gestum sínum að skoða verkefni sín í skólastofunni. Við hittum vinabekkin nokkrum sinnum yfir skólaárið. Unnin voru verkefni sem tengjast uppbyggingarstefnunni m.a. gerðu nemendur uppbyggingastjörnuna í samvinnu við vinabekkin. Einnig voru spilastundir og leikir í Skallagrímgarði.

Að vori var farið í sveitaferð og geitfjársetrið að Háafelli var heimsótt. Við heimsóttum líka Héraðsbókasafnið þar sem við fengum kynningu á sumarlestri.

Sigrún Sigurðardóttir  
Sæja Kristmannsdóttir

---

## 5. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 2. BEKKJAR

---

Í upphafi skólaársins voru 29 nemendur í árganginum, 14 drengir og 15 stúlkur. Í nóvember bættist við 1 drengur og í febrúar ein stúlka. Þá var nemendahópurinn orðinn 31 nemendur 16 stúlkur og 15 drengir. Umsjónakennarar voru, Margrét Eggertsdóttir og Guðrún St. Guðbrandsdóttir. Stuðningsfulltrúar voru Anton Elí Einarsson og Benjamín Karl Styrmisson. Fanney Þorkelsdóttir þroskaþjálfari og sá um sérkennslu. Júlíana Þóra Hálfánardóttir var sjöundi kennari á yngsta stigi, hún átti fasta tíma í 2. bekk þar sem við þrískiptum hópnum eftir getu, bæði í stærðfræði og íslensku. Jóhanna M. Þorvaldsdóttir (hluta af vetri) og Katrín Rósa Eðvaldsdóttir kenndu heimilisfræði, Eva Lára Vilhjálmsdóttir kenndi hönnun og smíði, Anna Sigríður Guðbrandsdóttir kenndi myndmennt, Jóhanna M. Þorvaldsdóttir og Edda Soffía Karlsdóttir (hluta úr vetri) kenndu textílmennt. Elín Matthildur Kristinsdóttir var með slökun. Sumarliði Páll Sigurbergsson og Hanna S. Kjartansdóttir kenndu íþróttir og sund og Davíð Sigurðsson kenndi íþróttir. Haraldur Már Stefánsson tók nokkra nemendur í aukasund.

---

## 5.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG

---

Stuðst var við aðalnámskrá grunnskóla og kennslan skipulögð í samræmi við það. Lagt var upp með að hver nemandi fengi að njóta sín. Áhersla var lögð á sjálfstæð vinnubrögð og námið sniðið að þörfum hvers og eins. Notaðar voru fjölbreyttar kennsluáðferðir sem og fjölbreytt námsmat. Uppeldisstefnan, Uppeldi til ábyrgðar var höfð að leiðarljósi og vikulega voru haldnir bekkjarfundir.

Á hverjum morgni var farið yfir skipulag dagsins og sjónrænt skipulag sýnilegt á töflu. Kennt var samkvæmt áðferðum byrjendalæsis í íslensku og lögð var áhersla á samþætta kennsluna við aðrar námsgreinar sérstaklega náttúrufræði og samfélagsfræði. Áhersla var lögð á lestur bæði í skólanum og heima ásamt orðaskrift. Unnið var talsvert í stöðvavinnu og nokkur verkefni voru unnin í paravinnu sem heppnuðust mjög vel.

---

## 5.2 NÁMSMAT

---

Þrjú hraðlestrarpróf voru lögð fyrir, í september, janúar og maí. Læsi lestrarskimun var lögð fyrir í nóvember. Hópaavinna og almenn vinnubrögð í byrjendalæsi voru einnig metin.

Í stærðfræði var námsmat jafnt og þétt ásamt kaflaprófum, metin voru almenn vinnubrögð og vinnusemi í tímum. Lögð var sérstök áhersla á umræður um stærðfræðina. Í náttúru- og samfélagsfræði var eingöngu samþætting við byrjendalæsi.

Foreldravíðtöl fóru fram tvisvar í vetur, í október og febrúar. Farið var yfir líðan, námsferil og vinnubrögð. Í október og mars var lögð líðankönnun fyrir nemendur og í framhaldinu var hún rædd í nemenda- og foreldravíðtali.

Á mentor.is færðum við inn einkunnir frá A – D á hæfniviðmið í stærðfræði, íslensku, náttúrufræði og samfélagsfræði ásamt lykilhæfni.

Eins tókum við þátt í rannsókn frá Háskólanum á Akureyri þar sem við sendum inn lesfimikönnun og lesskilningpróf.

---

## 5.3 VIÐBURÐIR

---

Í febrúar fengu nemendur 8 skipti í danskenslu á vegum Dansskóla Jóns Péturs.

Félagsstarf eldri borgara í Brákarhlíð var heimsótt þar sem við sungum nokkur lög og spjölluðum við fólkið.

Flutt var dans- og söngatriði á árs hátíð skólans í mars. Í maí var Leikbrúðusýningin „Krakkarnir í hverfinu“

þar voru brúður notaðar til að fræða börn um ofbeldi og mikilvægi þess að segja frá. Í lok maí var farið á

Héraðsbókasafnið á kynningu á sumarlestri. Farið var í ruslatúnslu í tenglum við vordaga skólans. Vorferðin

var farin á Seleyri við Hafnarskóg þar sem grillaðar voru pylsur.

Margrét F. Eggertsdóttir

Guðrún St. Guðbrandsdóttir

---

## 6. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 3. BEKKJAR

---

Í árganginum voru í upphafi skólaárs 32 nemendur, 19 drengir og 13 stúlkur, í mars urðu þær breytingar að ein stúlka bættist við og einn drengur hætti. Svo í lok skólaársins voru nemendurnir 32, 18 strákar og 14 stelpur. Umsjónakennarar voru tveir, Heiðrún Harpa Marteinsdóttir og Hólmfríður Ólafsdóttir. Fanney Þorkelsdóttir þroskaþjálfari sá um sérkennslu. Kristín Markúsdóttir og Monika Fryszak-Mazur voru stuðningsfulltrúar fyrir áramót. Um áramótin hætti Monika en Kristín var áfram stuðningsfulltrúi í bekknum. Eva Lára Vilhjálmisdóttir kenndi hönnun og smíði. Katrín Eðvaldsdóttir kenndi textílmennit fyrir áramót og heimilisfræði eftir áramót. Jóhanna M, Þorvaldsdóttir kenndi heimilisfræði fyrir áramót og textílmennit eftir áramót. Anna Sigríður Guðbrandsdóttir kenndi myndmennt. Elín Matthildur Kristinsdóttir var með slökun eina kennslustund í viku. Davíð Guðmundsson, Hanna Sigríður Kjartansdóttir og Sumarliði Páll Sigurbergsson kenndu leikfimi og sund.

---

### 6.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG

---

Stuðst var við aðalnámskrá grunnskóla og kennslan skipulögð í samræmi við það. Lagt var upp með að hver nemandi fengi að njóta sín. Áhersla var lögð á sjálfstæð vinnubrögð og námið sniðið að þörfum hvers og eins. Notaðar voru fjölbreyttar kennsluáðferðir sem og fjölbreytt námsmat. Uppeldisstefnan, Uppeldi til ábyrgðar var höfð að leiðarljósi og reglulega voru haldnir bekkjarfundir.

Á hverjum morgni var farið yfir skipulag dagsins og sjónrænt skipulag haft sýnilegt á töflu. Kennt var samkvæmt áðferðum byrjendalæsis í íslensku og lögð var áhersla á að samþætta kennsluna við aðrar námsgreinar sérstaklega náttúrufræði og samfélagsfræði. Mikil áhersla var lögð á lestur bæði í skólanum og heima. Talsvert var um hópa- og stöðvavinnu.

---

### 6.2 NÁMSMAT

---

Þrjú lesfímipróf voru lögð fyrir, í september, janúar og maí. Lagt var fyrir prófið „Orðarún“ sem mælir lesskilning í október og apríl. LOGOS var lagt fyrir hluta nemenda á vordögum. Hópavinna og almenn vinnubrögð í byrjendalæsi voru einnig metin.

Í stærðfræði var námsmat jafnt og þétt ásamt kaflaprófum og að vori var vorpróf sem tók á flestum námsþáttum vetrarins.

Náttúru- og samfélagsfræði var samþætt við byrjendalæsi og hópavinna, verkefni og vinnubrögð metin jafnt og þétt.

Foreldraviðtöl fóru fram tvisvar í vetur, í október og febrúar. Farið var yfir líðan, námsferil, vinnubrögð og í febrúar var einnig farið yfir þau markmið sem nemendur höfðu sett sér í október.

Inn á mentor færðum við inn einkunnir frá A – D á hæfniviðmið í stærðfræði, íslensku, náttúrufræði, samfélagsfræði, upplýsinga og tæknimennt auk lykilhæfni.

---

### 6.3 VIDBURÐIR OG FERÐALÖG

---

Bekkurinn fór í fjöruferð í Englendingavík að hausti. Farið var í náttúruskoðun og í leiki í Englendingavík, Settutanga og í Skallagrímssgarð. Nemendur fluttu helgileikinn á Litlu jólnum í íþróttahúsinu. Í jólaútlitum kynntu nemendur niðurstöður könnunar sem þeir unnu innan skólans og sungu nokkur jólalög.

Vínarbekkir hittust og spiluðu smán á degi gegn einelti.

Nemendur buðu foreldrum í morgunkaffi og kynntu verkefnið um himingeiminn. Verkefnið höfðu þeir unnið í hópum og fluttu hóparnir glærukynningar á sviðinu í matsalnum fyrir gesti. Í maí var bekkurinn með „opna skólastofu“. Nemendur hengdu upp auglýsingar um viðburðinn um morguninn. Þeir gestir sem kíktu við gátu þá gengið á milli hópa í skólastofunni og fengið kynningu nemenda á mismunandi trúarbrögðum heimsins.

Smíðjur voru einu sinni í viku, í sjö vikur fyrir áramót og níu vikur eftir áramót.

Í tengslum við verkefnið Líkami og sál var farið í heimsókn á heilsugæslustöðina þar sem Guðríður Ringsted skólahjúkrunarfræðingur ásamt hjúkrunarfræðingum og lækni, tóku á mótum hópnum. Þau leiddu okkur um stöðina, fræddu um störfin sem þær eru unnin og þar sem fyrir augu bar.

Opið hús var í maí þá var bekkurinn að vinna að trúarbragðaverkefni í hópavinnu. Þeir sem kíktu við gátu fylgst með vinnu nemenda. Farið var í ruslatúslu í fjöruna við Englendingavík og á Settutanga. Í júní var farið í gönguferð út í Litlu Brákarey með leiðsögn Finnþórs Rögnvaldssonar. Við fórum í vorferð á Akranes. Leikið var í fjörunni og sjónum á Langasandi og borðað og í leikið í skógræktinni. Ferðin endaði svo á sundferð í Borgarnesi.

Heiðrún Harpa Marteinsdóttir

Hólmið Ólafsdóttir

---

## 7. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 4. BEKKJAR

---

Í árganginum voru 26 nemendur, 13 strákar og 13 stelpur. 1 strákur flutti um miðjan apríl og hætti þá í bekknum. Umsjónarkennarar voru tveir, Sigrún Sveinsdóttir og Steinunn Bjarnadóttir. Júlíana Þóra Hálfánardóttir var 7. kennari á yngsta stigi og fékk bekkurinn nokkra tíma hjá henni. Sigríður Hrunn Hálfánardóttir þroskaþjálfari sá um sértæka þjálfun hjá einum nemanda. Í upphafi skólaárs var enginn stuðningur með bekknum en þegar leið á veturinn kom Aron Elí Magnússon og var fram í mars, þá tók Arnar Eiríksson við af honum og kláraði skólaárið með bekknum.

Eva Lára Vilhjálmssdóttir kenndi hönnun og smíði, Jóhanna M. Þorvaldsdóttir kenndi heimilisfræði, Katrín Rósa Eðvaldsdóttir kenndi textílmennnt og Anna Sigríður Guðbrandsdóttir kenndi myndmennt. Jóhanna og Katrín víxluðu stöðum eftir áramót. Elín Matthildur Kristinsdóttir var með slökun eina kennslustund í viku. Sumarliði Páll Sigurbergsson, Hanna S. Kjartansdóttir og Davíð Guðmundsson kenndu leikfimi og sund.

---

### 7.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG

---

Stuðst var við aðalnámskrá grunnskóla og kennslan skipulögð í samræmi við það. Lagt var upp með að hver nemandi fengi að njóta sín. Áhersla var lögð á sjálfstæð vinnubrögð og námið sniðið að þörfum hvers og eins.

Notaðar voru fjölbreyttar kennsluaðferðir sem og fjölbreytt námsmat. Uppeldisstefnan, Uppeldi til ábyrgðar var höfð að leiðarljósi og reglulega voru haldnir bekkjarfundir.

Á hverjum morgni var farið yfir skipulag dagsins með öllum bekknum og sjónrænt skipulag haft sýnilegt á töflu. Kennt var samkvæmt aðferðum byrjendalæsis í íslensku og lögð var áhersla á að samþætta kennsluna við aðrar námsgreinar sérstaklega náttúrufræði og samfélagsfræði. Mikil áhersla var lögð á lestur bæði í skólanum og heima. Talsvert var um hópavinnu og stöðvavinnu.

---

## 7.2 NÁMSMAT

---

Þrjú hraðlestrarpróf voru lögð fyrir, í september, janúar og maí. Lagt var fyrir prófið „Orðarún“ sem mælir lesskilning í október og apríl. Hópavinna og almenn vinnubrögð í byrjendalæsi voru einnig metin.

Í stærðfræði var námsmat jafnt og þétt ásamt kaflaprófum og fyrir jól var miðsvetrarpróf og að vori var vorpróf sem tók á flestum námsþáttum vetrarins.

Í náttúru- og samfélagsfræði var mikil samþætting við byrjendalæsi og hópavinna og verkefni og vinnubrögð metin jafnt og þétt.

Foreldraviðtöl fóru fram tvisvar í vetur, í október og febrúar. Farið var yfir líðan, námsferil og vinnubrögð.

Inn á mentor færðum við inn einkunnir frá A – D á hæfniviðmið í stærðfræði, íslensku, náttúrufræði, samfélagsfræði og upplýsinga og tæknimennt.

---

## 7.3 VIÐBURÐIR OG FERÐALÖG

---

Farið var í náttúruskoðun og í leiki í Englendingavík, Settutanga, Kjartansvöll og í Skallagrímssgarð.

Nemendur tóku þátt í helgileiknum á litlu jólunum sem kór. Í jólaútlitum fluttu krakkarnir stutta texta sem unnir voru upp úr viðtölum við eldra fólk um jólin áður fyrr og sungu tvö lög. Á árs hátíðinni fluttu nemendur leikritið „Úlfar ævintýranna“ sem unnið var í tengslum við þema vetrarins sem að þessu sinni voru dýr.

Vinarbekkjarhittingar voru í nokkur skipti þar sem nemendur hittust, fóru í leiki og horfðu saman á bíómynd.

Bekkurinn fór og gróðursetti trjáplöntur með vinabekknunum í landinu fyrir ofan Sólbakka/við Steypustöðina.

Farið var í ruslatíslu í fjörunni við Englendingavík og á Settutanga. Vorferðin var farin að Varmalandi þar sem farið var í göngutúr og í sund.

Sigrún Sveinsdóttir  
Steinunn Bjarnadóttir

---

## 8. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 5. BEKKJAR

---

Í upphafi vetrar voru nemendur í 5. bekk 30 talsins, 14 drengir og 16 stúlkur. Tvær stúlkur hættu á skólaárinu. Umsjónarkennarar hópsins voru Einar S. Sigurðsson og Helga Harðardóttir. Umsjónarkennarar unnu sameiginlega að undirbúningi og kennslu íslensku, stærðfræði, samfélagsgreina, náttúrugreina og upplýsingatækni. Alexander Jón Finnsson var stuðningsfulltrúi og kom að hópnum í öllum þeirra kennslustundum.

Sumarliði Páll Sigurbergsson og Davíð Guðmundsson kenndu íþróttir og sund. List og verkgreinar voru: Heimilisfræði – Katrín Rósa Eðvaldsdóttir, myndmennt – Anna Sigríður Guðbrandsdóttir, smíði – Eva Lára Vilhjálmisdóttir og textílmennt - Jóhanna M. Þorvaldsdóttir og Edda Soffía Karlsdóttir. Nemendur 5. bekkjar voru einnig í miðstigsvali sem var á miðvikudögum, í 70 mínútur í senn og var hvert val í 6-8 vikur. Mismunandi viðfangsefni voru í boði í hverri lotu.

---

## 8.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG

---

Stuðst var við Aðalnámskrá grunnskóla í öllum fögum og kennslan skipulögð í samræmi við það. Áhersla var lögð á að hver nemandi fengi að njóta sín, einnig á sjálfstæð vinnubrögð, góðan námsfrið í kennslustundum og úrlausn verkefna sniðin að þörfum hvers og eins. Notaðar voru fjölbreyttar kennsluaðferðir sem og fjölbreytt námsmat. Þróun umsjónarkennara á sjálfsmati nemenda og frammistöðu í kennslustund í anda leiðsagnarnáms tók nokkuð pláss. Foreldraviðtöl fóru fram tvisvar yfir veturinn, í október og febrúar þar sem farið var yfir líðan, námsferil og vinnu hvers nemanda. Bæði foreldraviðtölin voru nemendastýrð sem tókust mjög vel. Áhersla var lögð á jákvætt andrúmsloft innan nemendahópsins, samkennd og sjálfstæð vinnubrögð.

---

## 8.2 KENNSLUHÆTTIR/SKIPULAG

---

Stuðst var við hefðbundna bekkjarkennslu – innlögn, verkefnavinnu og einstaklingsaðstoð. Einnig var unnið í hópum að sameiginlegum verkefnum.

---

## 8.3 NÁMSMAT

---

Námsmat var byggt á símati á vinnu nemenda, leiðsagnarmati, verkefnabókum, vinnubókum, kaflaprófum, könnunum, ritgerð og hinum ýmsu námsmatsverkefnum sem skilað var með fjölbreyttum hætti.

---

## 8.4 VIÐBURÐIR

---

Hópurinn var með sérstaka viðburði við hvert lestrarviðmið yfir veturinn. Sund, ísferð og kósídagur að hausti. Nammidagur, bíódagur og lokaferð að vori. Í lokaferð fór hópurinn með rútu til Reykjavíkur á Þjóðminjasafnið, í Skopp og pizzuveislu.

Einnig tóku nemendur þátt í jólaútlitum í desember og árshátíð.

Einar S. Sigurðsson og Helga Harðardóttir

---

## 9. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 6. BEKKJAR

---

Í upphafi vetrar voru í 6. bekk. 37 nemendur skráð 18 strákar og 19 stúlkur. Einn drengur hætti á skólaárinu og tvær stúlkur byrjuðu ásamt einum dreng. Heildarfjöldi nemenda við lok skólaárs var 39.

Umsjónarkennarar voru Jón Hrafn Baldvinsson og Linda Björk Ólafsdóttir. Aukakennari/sérkennari inni bekk var Þórhildur Kristín Bachmann (Bessý). Stuðningfulltrúi var Ragnar Magni Sigurjónsson og kom hann að hópnum í öllum tímum.

Umsjónakennarar unnu sameiginlega að kennslu í íslensku og ensku. Linda sá um samfélagsfræði og verkefni því tengdu og Jón Hrafn sá um náttúrufræði og verkefni því tengdu.

Hanna Sigríður Kjartansdóttir, Sumarliði Páll Sigurbergsson og Davíð Guðmunson kenndu íþróttir og sund. Heimilisfræði kenndi Þórhildur Kristín Bachmann fyrir áramót og Katrín Rósa Eðvaldsdóttir eftir áramót, myndmennt kenndi Anna Sigríður Guðbrandsdóttir, smíði kenndi Eva Lára Vilhjálmisdóttir og Birgitta Mjöll Eyþórsdóttir textílmennt.

Nemendur voru einnig í miðstigsvali á miðvikudögum, í 70 mín í senn og var hvert val í 6-7 vikur. Mismunandi viðfangsefni voru í boði í hverri lotu sem kennarar miðstigs og list og verkgreinag kennarar sáu um að útbúa.

---

### 9.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG

---

Stuðst var við Aðalnámskrá grunnskóla og kennslan skipulögð í samræmi við það. Lögð var áhersla á að kynnast hverju barni fyrir sig, ýta undir sjálfstæð vinnubrögð og koma til móts við hvern og einn. Notaðar voru fjölbreyttar kennsluáferðir sem og fjölbreytt námsmat. Foreldraviðtöl fóru fram tvisvar yfir veturinn, í október og febrúar þar sem farið var yfir líðan, námsferil og vinnu hvers nemanda. Viðtalið um haustið var nemendastýrt. Bekkjarfundir voru vikulega þar sem skipt var stelpur saman og strákar saman. Að beiðni stjórnenda voru kennarar látnir einbeita sér að verkfærakistunni eftir áramót til að bæta bekkjarbrag. Það bitnaði að einhverju leiti á bóklegu námi.

---

### 9.2 KENNSLUHÆTTIR/SKIPULAG

---

Í byrjun skólaárs var bekknum skipt í tvær stofur þar sem einn umsjónarkennari var með hvorn hóp fyrir sig. Aukakennari og stuðningsfulltrúi skipti sér einnig milli stofa. Þegar kom upp mygla í skólaflokkum miðstigs var bekkurinn færður á bókasafnið þar sem hópurinn var allur saman. Teymið var þá allt saman í kennslu. Eftir áramót fór bekkurinn í tvær stofur aftur og sama fyrirkomulag var með kennara eins og í byrjun skólaárs. Nemendum var reglulega skipt á milli kennslustofa og dregið í sæti reglulega. Skólahjúkrunarfræðingur (Dúdda) kom inni bekkinn með kynfræðslu og Guðrún Guðbrandsdóttir kom í bekkinn með hinseginfræðslu í framhaldi af umræðum eftir kynfræðslu.

Eftir áramót varð breyting á list- og verkgreinum þar sem hópar voru minnkaðir og var 6 bekkjarteymið beðið um að vera með bekkinn á föstudögum. Farið var í það að útbúa samþætt verkefni þar sem unnið var með líffærin. List og verkgreinastofur voru notaðar til að útbúa líkön.



---

### 9.3 NÁMSMAT

---

Námsmat var byggt á vinnu nemenda sem metið var jafnt og þétt yfir skólaárið. Metið var útfrá verkefnabókum, vinnu og samvinnu, vinnubókum, kaflaprófum, könnunum, ritunarverkefnum, vor og haustprófum og öðrum verkefnum sem skilað var með fjölbreyttum hætti. Notast var einnig við sjálfsmat þar sem nemendur gáfu sér einkunn (A, B+, B, C+, C, D) með því að miða við Hæfnifjallið. Hæfnifjallið er sjónrænt matstæki þar sem nemendur sjá sína stöðu miðað við hvar þau eru staðsett á fjallinu. Hæfnifjallið fléttaðist inni leiðsagnarnám sem kennarar notuðu einnig við námsmat. Hæfniviðmið metin jafnt og þétt í mentor og lokavitnisburður gefinn í lok skólaárs.

---

### 9.4 VIÐBURÐIR

---

Nemendur tóku þátt í jólaútværpi í desember ásamt því að vera með atriði á jólaskemmtun skólans. Þau voru einnig með atriði á árhátíð skólans.

Tókum þátt í Barnamenningarhátíð í byrjun maí þar sem líffæraverkefnið var til sýnis í Safnahúsi.

Nemendur týndu rusl í umhverfi skólans um miðjan maí og týndu samtals 33,5 kg.

Þau fóru í vorferð á Akranes í maí þar sem þau fóru í skógræktina að leika og grilla. Þau fóru í Guðlaugu og á Langasand í sjóinn og eftirá fengu þau sér ís í Frystihúsinu.

Nemendur héldu nokkrar hæfileikakeppnir á árinu sem þau skiplögðu sjálf, skipuðu dómnefnd og undirbúning.

Jón Hrafn Baldvinsson, Linda Björk Ólafsdóttir og Þórhildur Kristín Bachmann.

---

## 10. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 7. BEKKJAR

---

Í upphafi vetrar voru nemendur í 7. bekk 29 talsins, 18 drengir og 11 stúlkur. Einn drengur hætti í bekknum um páska 2024. Umsjónakennarar hópsins voru Bjarni Bachmann og Fjóra Veronika Guðjónsdóttir. Bjarni sá um stærðfræðina og Fjóra um íslenskuna. Samfélagsfræði, enska og upplýsingartækni var kennd saman. Undirbúningur var samt unnið sameiginlega á öllum fögum. Kolbrún Óttarsdóttir var stuðningsfulltrúi og kom að hópnum í öllum kennslustundum. Kolbrún sá um tvo nemenda sem þurftu mikinn stuðning en eftir páska var það bara einn nemandi.

Sumarliði Páll Sigurbergsson og Davíð Guðmunson kenndu íþróttir og sund. List og verkgreinar voru: Heimilisfræði -Katrín Rósa Eðvaldsdóttir, myndmennt-Anna Sigríður Guðbrandsdóttir, smíði - Eva Lára Vilhjálmsdóttir og textílmennt - Jóhanna M. Þorvaldsdóttir og Edda Soffía Karlsdóttir. Nemendur 7. bekkjar voru einnig í miðstigsvali sem var á miðvikudögum, í 70 mínútur í senn og var hvert val í 6-8 vikur. Mismunandi viðfangsefni voru í boði í hverri lotu.

Í byrjun vetrar vorum við í skólastofu á miðstiginu en þurftum að flytja af sökum myglu. Námsgögn, munir og hlutir sem ekki var hægt að fjarlægja af sökum myglunnar voru glataðir. Þurftum við því að byrja undirbúning upp á nýtt og varð töf á kennsluáætlunum. Þetta lítaði kennslu og líðan veturinn 2023/2024.

Við fengum aðstöðu í skólastofum sem teljast til tónmenntastofu og frístundar. Við þurftum að fara út á hverjum degi eftir hádegi því frístund þurfti að nota stofurnar. Var því enginn kennsla á þeim tíma, af sökum stofuleysis. Því næst fengum við stofuna sem Búbblan er staðsett og stofu samliggjandi henni. Vorum við í henni fram til janúar en þá vorum við flutt upp á bókasafn. Að lokum vorum við flutt í skólastofur á yngstastiginu og kláruðum við veturinn þar. Þessi flutningur reyndi mikið á kennara og nemenda, en skipulag þurfti að vera breytt oft á vetrinum. Nemendur töpuðu mörgum bókum og þurfti að panta upp á nýtt námsgögn og námsbækur.

---

## 10.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG

---

Stuðst var við Aðalnámskrá grunnskóla í öllum fögum og kennslan skipulögð í samræmi við það. Áhersla var lögð á að hver nemandi fengi að njóta sín, einnig á sjálfstæð vinnubrögð, góðan námsfrið í kennslustundum og úrlausn verkefna sniðin að þörfum hvers og eins. Notaðar voru fjölbreyttar kennsluáðferðir sem og fjölbreytt námsmat. Þróun umsjónarkennara á sjálfsmati nemenda og frammistöðu í kennslustund í anda leiðsagnarnáms tók nokkuð pláss. Foreldraviðtöl fóru fram tvisvar yfir veturinn, í október og febrúar þar sem farið var yfir líðan, námsferil og vinnu hvers nemanda. Bæði foreldraviðtölin voru nemendastýrð sem tókust mjög vel. Áhersla var lögð á jákvætt andrúmsloft innan nemendahópsins, samkennd og sjálfstæð vinnubrögð. Það þurfti að taka inngríp í samskipti innan bekkjarins og voru mál tengt samskiptum oft að koma upp um veturinn. Var gripið í Verkfærakistuna og var farið í að bæta bekkjarbrag, en kostaði það seinkunn á náminu. Fenginn Var Kristín Lillendal til þess að halda fyrirlestur fyrir foreldra 7.bekkar og út frá því var rætt við nemendur.

---

## 10.2 KENNSLUHÆTTIR/SKIPULAG

---

Stuðst var við hefðbundna bekkjarkennslu – innlögn, verkefnavinnu og einstaklingsaðstoð. Einnig var unnið í hópum að sameiginlegum verkefnum.

---

## 10.3 NÁMSMAT

---

Námsmat var byggt á símati á vinnu nemenda, leiðsagnarmat, verkefnabókum, vinnubókum, kaflaprófum, könnunum, ritgerð og hinum ýmsu námsmatsverkefnum sem skilað var með fjölbreyttum hætti.

---

## 10.4 VIÐBURÐIR

---

Hópurinn fór til Reykjar um vorið 2024 og var gíst þar í fimm daga. Vorferðin var sjóferð með Sundin Blá, Skopp (afþreyingarsalur með trampólínum) og svo pizzur á Galito í reykjavík). Farið var með þau í ísferð í Borgarnesi í maí, 2024.

Einnig tóku nemendur þátt í jólaútlitum í desember og árshátíð.

---

## 11. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 8. BEKKJAR

---

Nemendur í 8. bekk voru 35 í upphafi skólaárs, í nóvember byrjaði einn nýr nemandi hjá okkur en um áramót fóru einn í annan skóla, í júní voru því 35 nemendur útskrifaðir. Umsjónarkennarar hópsins voru Birna Hlín Guðjónsdóttir og Sigurbjörg Helga Skúladóttir í upphafi skólaársins, Huginn Rafn Arnarson tók við umsjón af S. Helgu þegar tvær vikur voru liðnar af skólaárinu, en hætti svo með umsjón um áramót og var Birna Hlín ein með umsjón út skólaárið. Bekkurinn byrjaðu í stofum nr. 31 og 32, var svo þjappað í eina stofu nr.30 þegar grípa þurfti til lokanna á stofum vegna myglu. Þegar þurfti að loka fleiri stofum var gripið til enn róttækari breytinga og fékk 8.bekkur þá stofurnar sínar aftur þ.e. nr. 31 og 32 og voru í þeim úr skólaárið. Birna Hlín og Huginn (Helga) kenndu stærðfræði. Birna Hlín og Haraldur Már Stefánsson samfélagsfræði og Birna Hlín lífsleikni/umsjón, en Huginn kenndi einnig lífsleikni/umsjón fyrir áramót. Sigríður Arnardóttir og Guðný Jórunn Gunnarsdóttir kenndu íslensku, Hanna Sigríður Kjartansdóttir og Dagmar Mýrdal Harðardóttir kenndu dönsku, Kolbrún Þórhildur Gunnarsdóttir og Haraldur Már Stefánsson kenndu ensku og Hildur Hallkelsdóttir kenndi náttúrufræði. Hanna Sigríður Kjartansdóttir, Davíð Guðmundsson og Sumarliði Páll Sigurbergsson kenndu íþróttir og sund. List og verkgreinar kenndu Anna Sigríður Guðbrandsdóttir, Eva Lára Vilhjálmisdóttir, Birgitta Mjöll Eyþórsdóttir og Katrín Eðvaldsdóttir. Nemendur 8. bekkjar völdu sig í þriðjudagsval sem var einn klukkutími á viku og var hvert val í 6-8 vikur. Einnig völdu nemendur sig í smíðjur, en smíðjuhelgar voru tvisvar yfir veturinn frá seinni part föstudags fram á miðjan dag á laugardegi, fyrri smíðjan í lok september og sú seinni um miðjan apríl.

---

### 11.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG

---

Stuðst var við Aðalnámskrá grunnskóla og kennslan skipulögð í samræmi við það. Áhersla var lögð á að hver nemandi fengi að njóta sín, einnig á sjálfstæð vinnubrögð og námið sniðið að þörfum hvers og eins. Notaðar voru fjölbreyttar kennsluáðferðir sem og fjölbreytt námsmat. Foreldraviðtöl fóru fram tvisvar yfir veturinn, í október og febrúar þar sem farið var yfir liðan, námsferil og vinnu hvers nemanda. Áhersla var lögð á jákvætt andrúmsloft innan nemendahópsins, sjálfstæði, ábyrgð og öguð vinnubrögð.

---

### 11.2 KENNSLUHÆTTIR/SKIPULAG

---

Stuðst var við hefðbundna bekkjarkennslu – innlögn, verkefnavinnu og einstaklingsaðstoð. Einnig var unnið í hópum að sameiginlegum verkefnum. Lögð var áhersla að nemendur ynnu sjálfstætt, þeir unnu að samvinnunámi, lausnaleitarnámi, í hópavinnu, að fyrirlesturum og heimildavinnu. Áhersla var lögð á leiðsagnarnám þar sem því var við komið.

---

### 11.3 NÁMSMAT

---

Námsmat var byggt á símati á vinnu nemenda, verkefnabókum, vinnubókum, kaflaprófum, könnunum, ritgerðum og hinum ýmsu námsmatsverkefnum sem skilað var með fjölbreyttum hætti.

---

### 11.4 VIÐBURDIR

---

8. bekkur fór í sólahringsferð í Brautartungu í Lundarreykjadal í október. Þar var áherslan á samveru, samhringing og gleði. 8. bekkur fór einnig í tveggja daga skíðaferðalag í Skagafjörðinn um miðjan febrúar. Nemendur tóku þátt í jólaútlitum í desember, þemadögum, og undirbúningsviku fyrir árshátíð og árshátíð skólans í mars. Þeir völdu sig í áhugasviðshópa fyrir árshátíðina, leiklist, sviðsmynd, skreytingar, hár/förðun og búninga. Tæknimenn voru sérstaklega valdir af kennurum. Sett var upp stutt útgáfa af Dýrin í Hálsaskógi og tókst það mjög vel og fengu nemendur mikið lof fyrir. Í maí var haldin „golf“ dagur þar sem allur skólinn fékk kynningu á starfsemi Golfklúbbs Borgarness og að prófa golf. Útivistardagur var í lok maí, gengið var á Eldborg.

Birna Hlín Guðjónsdóttir

---

## 12. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 9. BEKKJAR

---

Nemendur í 9. bekk voru 33 í upphafi vetrar en síðar bættust fjórir nemendur við, því var heildarfjöldi nemenda 37 í lok skólaárs. Umsjónarkennarar hópsins voru Haraldur Már Stefánsson og Kolbrún Þórhildur Gunnarsdóttir. Umsjónarkennarar kenndu í teymi ensku, samfélagsfræði og upplýsingatækni í umsjónarbekk, ásamt annarri enskukennslu á unglíngastigi. Sérkennsla var í höndum Ingu Margrétar Skúladóttur. Guðný Jórunn Gunnarsdóttir og Sigríður Arnardóttir sáu um Íslenskukennslu. Hanna Sigríður Kjartansdóttir og Dagmar Mýrdal Harðardóttir sáu um dönskukennslu. Birna Hlín Guðjónsdóttir, Huginn Rafn Arnarson og Inga Margrét Skúladóttir sáu um stærðfræðikennslu. Hildur Hallkelsdóttir sá um náttúrufræðikennslu. Davíð Guðmundsson og Sumarliði Páll Sigurbergsson kenndu íþróttir og sund. Anna Sigríður, Eva Lára Vilhjálmisdóttir, Katrín Rósa Eðvaldsdóttir og Kolbrún Þórhildur Gunnarsdóttir kenndu nemendum nýsköpun. Nemendur í 9. bekk völdu sig í val á þriðjudögum sem var í u.þ.b. 7 vikur í senn. Þá voru einnig nokkrir nemendur í nemendaráði.

Tvær smíðjuhelgar voru á skólaárinu og fóru þær fram seinni part föstudags og fram á miðjan dag á laugardegi. Þá sá 9. bekkur um kaffihús og nýsköpunarbása á opnum degi skólans sem haldinn var í maí. Allur ágóði á sölunni fór óskipt í fjáröflunarsjóð nemenda. Foreldrar héldu utan um bakstur, vaktaskipulag og annað skipulag sem varðaði kaffihúsið. Nýsköpunarkennarar sáu um utanumhald nýsköpunar-sölubása.

---

## 12.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG

---

Nám nemenda var skipulagt í samræmi við hæfniviðmið Aðalnámskrá Grunnskóla og var lögð áhersla á að hver nemandi fengi að njóta sín í námi. Þá var einnig lögð sérstök áhersla á sjálfstæð vinnubrögð og einstaklingsmiðað nám sem sniðið var að þörfum hvers og eins. Kennarar skipulögðu kennslu með fjölbreyttum hætti og stuðst var við fjölbreyttar kennsluaðferðir. Námsmat var einnig með fjölbreyttum hætti en notast var bæði við símat og próf. Foreldraviðtöl fóru fram tvisvar yfir veturinn, þ.e. í byrjun október og í miðjum febrúar. Viðtölin fóru fram í skólastofu nemenda og lögð var sérstök áhersla á jákvæðni og uppbyggingu. Kennarar reyndu eftir bestu getu að styrkja bekkjarandann, ásamt því að fá frekari aðstoð fyrir þá nemendur sem höfðu flóknari vanda. Þá var einnig lögð áhersla á sjálfstæði, virðingu og samkennd. Umsjónarkennarar telja að vel hafi tekist að vinna með þessar áherslur.

---

## 12.2 KENNSLUHÆTTIR/SKIPULAG

---

Stuðst var við hefðbundna bekkjarkennslu – innlögn, verkefnavinnu og einstaklingsaðstoð. Einnig var unnið í hópum að sameiginlegum verkefnum. Lögð var áhersla að nemendur ynnu sjálfstætt, þeir unnu að samvinnunámi, lausnaleitarnámi, í hópavinnu, að fyrirlestur og heimildavinnu. Þetta skólaárið innleiddi skólinn leiðsagnarnám en kennarar sóttu regluleg námskeið sem það varðar. Þá breyttu- og bættu kennarar námsefni nemenda með leiðsagnarnám að leiðarljósi. Kennarar störfuðu saman í teyllum.

---

## 12.3 NÁMSMAT

---

Námsmat var byggt á símati á vinnu nemenda, verkefnabókum, vinnubókum, kaflaprófum, könnunum, ritgerðum, lokaverkefnum skilað með fjölbreyttum hætti.

---

## 12.4 VIÐBURÐIR

---

Nemendur í 9.bekk fóru í haustferð í nóvember 2023 en haldið var á Úlfljótsvatn. Þar voru nemendur í 5 daga og 4 nætur með umsjónarkennurum. Vinaskólar voru einnig með í för. Skátarnir sáu um afþreyingu og utanumhald á staðnum. Kennarar sáu um dagskrá á kvöldin. Farið var í ýmsa hópeflisleiki, bogfimi, klifur, gönguferðir og skoðunarferðir til að mynda Ljósafossstöð. Nemendur tóku þátt í hrekkjavökufjöri, jólaútvarpi, þemadögum, undirbúningsviku fyrir árshátíð og árshátíð skólans. Þeir völdu sig í áhugasviðshópa fyrir árshátíðarvikuna en valið stóð á milli leikarahóps, sviðsmynd, tónlist, skreytinga og búninga og förðun. Leikritið Dýrin í Hálsaskógi var sett upp og voru tvær sýningar í boði. Sýningin fór fram í Hjálmakletti og var vel mætt á sýningarnar. Kennarar fylltust miklu stolti þar sem nemendur stóðu sig með þryði og voru skólanum til mikils sóma.

Útivistardagur unglíngastígs var þann 23. maí en gengið var upp að Eldborg. Dagurinn gekk vel og það var gott veður. Hreinsunar áttak skólans fór fram í maí mánuð en 9. og 10. bekkur sá um íþróttasvæðið og Bjössaróló. Nemendur stóðu sig rosalega vel, sýndu mikinn metnað og gátu hreinsað umhverfið sitt vel.

Haraldur Már Stefánsson  
Kolbrún Þórhildur Gunnarsdóttir

---

## 13. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 10. BEKKJAR

---

Nemendur í 10. bekk voru 40 í upphafi og lok skólaárs. Umsjónarkennarar hópsins voru Sigríður Arnardóttir og Dagmar Mýrdal Harðardóttir og kenndu þær sín fög ásamt samfélagsfræði og lífsleikni í bekknum. Sigríður Arnardóttir og Guðný Jórunn Gunnarsdóttir kenndu íslensku, Hanna Sigríður Kjartansdóttir og Dagmar Mýrdal Harðardóttir kenndu dönsku, Kolbrún Þórhildur Gunnarsdóttir og Haraldur Már Stefánsson kenndu ensku, Birna Hlín Guðjónsdóttir og Huginn Rafn Arnarson kenndu stærðfræði. Sérkennari hluta vetrar var Inga Margrét Skúladóttir. Davíð Guðmundsson og Sumarliði Páll Sigurbergsson kenndu íþróttir og sund. List og verkgreinar kenndu Anna Sigríður Guðbrandsdóttir, Eva Lára Vilhjálmisdóttir, Katrín Rós Eðvarðsdóttir og Birgitta Mjöll Eyþórsdóttir. Nemendur 10. bekkjar völdu sig í þriðjudagsval sem var einn klukkutími á viku og var hvert val í 6-8 vikur. Einnig völdu nemendur sig í smíðjur, en smíðjuhelgar voru tvisvar yfir veturinn frá seinni part föstudags og fram á miðjan dag á laugardegi.

---

### 13.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG

---

Stuðst var við Aðalnámskrá grunnskóla og kennslan skipulögð í samræmi við það. Áhersla var lögð á að hver nemandi fengi að njóta sín, einnig á sjálfstæð vinnubrögð og námið sniðið að þörfum hvers og eins. Notaðar voru fjölbreyttar kennsluáferðir sem og fjölbreytt námsmat. Foreldraviðtöl fóru fram tvisvar yfir veturinn, í október og febrúar þar sem farið var yfir líðan, námsferil og vinnu hvers nemanda. Áhersla var lögð á jákvætt andrúmsloft innan nemendahópsins, sjálfstæði, ábyrgð og öguð vinnubrögð.

---

### 13.2 KENNSLUHÆTTIR/SKIPULAG

---

Stuðst var við hefðbundna bekkjarkennslu – innlögn, verkefnavinnu og einstaklingsaðstoð. Einnig var unnið í hópum að sameiginlegum verkefnum. Lögð var áhersla að nemendur ynnu sjálfstætt, þeir unnu að samvinnunámi, lausnaleitarnámi, í hópavinnu, að fyrirlestrum og heimildavinnu. Áhersla var lögð á teymisvinnu kennara þar sem því var við komið.

---

### 13.3 NÁMSMAT

---

Námsmat var byggt á símati á vinnu nemenda, verkefnabókum, vinnubókum, kaflaprófum, könnunum, ritgerðum og hinum ýmsu námsmatsverkefnum sem skilað var með fjölbreyttum hætti.

---

### 13.4 VIÐBURDIR

---

10. bekkur fór í dagsferð til Reykjavíkur í haust. Þar sem farið var m.a. í Skemmtigarðinn í Lazertag, Reykjavík escape og keilu. 10. bekkur fór einnig í þriggja daga skólaferðalag í Skagafjörðinn í lok maí þar sem farið var á Bakkafliót í river rafting, paintall, loftbolta, kajak o.fl. Nemendur tóku einnig þátt í jólaútvarpi í desember, þemadögum, og undirbúningsviku fyrir árs hátíð og árs hátíð skólans. Þeir völdu sig í áhugasviðshópa fyrir árs hátíðina, í leiklist, tónlist, sviðsmynd, skreytingar, hár/förðun og búninga. Tæknimenn voru sérstaklega valdir af kennurum. Sett var upp leikritið Dýrin í Hálsaskógi og tókst það mjög vel og fengu þau mikið lof fyrir. Útivistardagur var í maílok ásamt árlegum stigaleik.

Sigríður Arnardóttir og Dagmar Mýrdal Harðardóttir

---

## 14. SKÝRSLA ÍÞRÓTTAKENNARA

---

Allir bekkir frá 1. – 10. bekk voru með 2 tíma á viku í 40 mínútur í senn.

Árgöngunum er skipt í 2 – 3 hópa eftir stærð. Á meðan einn hópur er í sundi eru hinir tveir í leikfimi.

Elstu árgangar skólans eru kynjaskiptir með einum sameiginlegum tíma á viku.

Kennslan fór fram í íþróttahúsinu, en bæði á haustin og vorin er farið út ef veður leyfir.

Í kennslunni er lögð áhersla á að kynna allar íþróttagreinar, leiki, styrktaræfingar, þol, snerpu, liðleika o.fl.

Ólympíuhlaup Íslands (Norraena skólahlaupið) var hlaupið í september.

Ofurbekkjaleikar fyrir unglíngastig voru haldnir að hausti.

Skólinn tók ekki þátt í Lífshlaupinu í ár.

Nemendur tóku þátt í skólahreysti í apríl.

Vorskólinn kom í maí í bæði íþróttir og sund.

Miðstigsleikarnir voru haldnir í byrjun skólaárs.

Íþróttakennarar skipuleggja skólaslit á vorin.

Kennarar voru Hanna S. Kjartansdóttir, Sumarliði Páll Sigurbergsson og Davíð Guðmundsson.

---

### 14.1 NÁMSMAT

---

Frammistöðumat yfir skólaárið þar sem horft er á t.d. virkni í tímum, áhuga, vinnubrögð, samstarf og virðing fyrir skólafélögum og kennurum, mætingu.

Multistages Fitness test(Píp – þolpróf) er tekið einu sinni að hausti og einu sinni að vori fyrir 3.-10 bekk og er haft til hliðsjónar í námsmati.

Notast var við símat þar sem hver og einn tími var metinn, til að hafa til hliðsjónar að vori við námsmat.

Reynsla frá síðasta skólaári var að nemendur höfðu betri yfirsýn yfir framvindu sína í íþróttum og sundi.

Nemendur gátu alltaf komið til okkar og fengið að sjá þær einkunnir sem þau hefðu fengið fyrir hvern tíma og gátu því tekið sig á ef þau vildu reyna að hækka lokaeinkun.

---

### 14.2 SUNDKENNSLA

---

Allir bekkir frá 1.-10.bekk fá 1 x sund í viku.

Bekkjunum er skipt í hópa eftir fjölda nemenda í bekk, elstu bekkirnir eru kynjaskiptir.

Kennslan fór fram í innilaug og rennibrautalaug hjá yngstu nemendum en aðallega í útilaug hjá elstu nemendum. 5. bekkur og uppúr eru aðallega úti.

Í kennslunni er lögð áhersla á að kenna nemendum allar sundaðferðir, bæði í gegnum tækniæfingar og í leik.

Áhersla á ýmis atriði sem koma fyrir í sundstigi hvers bekkjar. Einnig fórum við í ýmsa sundknattleiki, vatnsleikfimi og fleira samkvæmt Aðalnámsskrá.

Sundkennari fer alltaf ofan í laug með 1.bekk og jafnvel öðrum bekkjum ef þörf er á.

Boðið var upp á sérkennslu í sundi fyrir nemendur sem á þurftu að halda, bæði á yngsta og miðstigi.

Fatasund var í vor fyrir 5. og 9.bekk

---

### 14.3 NÁMSMAT

---

Markmið aðalnámsskrá grunnskóla, sundstig og frammistaða í tímum yfir veturinn er til hliðsjónar við lokaeinkun að vori.

Sundstig auk frammistöðu í tímum yfir veturinn gefur svo lokaeinkun að vori. Kennarar voru Hanna S.

Kjartansdóttir, Davíð Guðmundsson, Sumarliði Páll Sigurbergsson og Haraldur Stefánsson með sérkennslu í sundi.

---

## 15. SÉRKENNSLA, ÞROSKAÞJÁLFN OG ÖNNUR STUÐNINGSÚRRÆÐI

---

Deildarstjórar á hverju stigi sjá um að skipuleggja sérkennslu og stuðning á sínu stigi. Þeir halda þeir bera faglega ábyrgð á sérkennslu á sínu stigi, sjá um skipulagningu teymisfunda og samstarf vegna mála í samþættingu þjónustu.



---

## 15.1 NEMENDATEYMI

---

Í sérkennslunni, eins og öllu öðru skólastarfi, er lögð mikil áhersla á gott samstarf heimilis og skóla. Þar sem þurfa þykir eru starfandi teymi um málefni nemenda. Mismunandi er hve teymin hittast of yfir veturinn, en algengast er að það sé á um það bil sex til átta vikna fresti. Á fundunum er farið yfir stöðuna, sameiginlega línur lagðar og áherslur mótaðar. Fulltrúar frá félagsþjónustunni, heilsugæslu og/ eða sérfræðiþjónustu skóla sitja í þeim teyfum sem við á. Teymin eru mönnuð í samvinnu við foreldra. Mikil áhersla er á að koma sem best til móts við þarfir nemenda á heildrænan hátt.

---

## 15.2 STUÐNINGSÚRRÆÐI GRUNNSKÓLANS Í BORGARNESI

---

Í Grunnskólanum í Borgarnesi er lagt upp úr því að styðja vel við þá nemendur sem þurfa á séraðstoð að halda. Aðstoð er aðlöguð að þörfum hvers og eins. Um getur verið að ræða vanda með nám, félagslega stöðu, líðan eða eitthvað allt annað. Tímabil stuðnings getur verið allt frá nokkrum vikum, til alls skólaársins. Nemendur með frávik í námi fá aðlagð námsefni og/ eða stuðning, innan eða utan bekkjar. Í sumum tilvikum nægir að styðja vel við nemendur svo þeir nái að halda í við bekkjarfélaga en í öðrum er betra að fara hægar yfir. Í einstaka tilfellum er veitt undanþága frá fögum en það er ávallt gert í samráði við foreldra/ forráðamenn. Nemendur með tilfinninga- og/ eða hegðunarörðugleika fá stuðning eftir þörfum. Aðaláhersla námslegs stuðnings er að mestu leyti á lestur, íslensku, stærðfræði og ensku. Brugðist er við félagslegum vanda með félagshæfnisögum og félagslegri þjálfun og við tilfinningalegum vanda er CAT kassinn notaður ásamt reglulegum viðtölum, félagshæfnisögum og tímum í Búbbunni, sem lesa má um á öðrum stað í skýrslunni. Á yngsta stigi (1.-4. bekkur) var áherslan lögð á lestrarþjálfun og talnaskilning. Nemendur fara til sérkennara ýmist einir eða í litlum hópum. Einnig starfar sérkennari með nemendum inni í kennslustundum. Allt eftir því hvað hentar best hverju sinni. Þroskaþjálfar eru í teyfum í 1. – 5. bekk og liðsinna þá nemendum inni í bekk auk þess að sinna þjálfun utan bekkjar.

Í 5.-7. bekk voru nemendur oftast í litlum hópum hjá sérkennara eða þroskaþjálfra, ýmist inni í kennslustofu eða í nálægum kennslurýmum.

Fyrirkomulag sérkennslunnar í unglingsdeild var með þeim hætti að sérkennslutímar voru kenndir í hóptímum í bekkjarstofu eða í námsveri.

Stuðningsfulltrúar komu að lestrarþjálfun, námsaðstoð og stuðningi almennt á öllum stigum.

---

## 16. BRÚ – MÓTTÖKUDEILD FYRIR ÍSAT NEMENDUR

---

Í ágúst 2023 var stofnuð deild sem ber nafnið Brú í Grunnskólanum í Borgarnesi. Hún sér um móttöku erlendra nemenda. Þessi viðbót við skólann þykir ánægjuleg og léttir deildin á umsjónarkennurum, þau hafa samanstað og sinn hóp sem og að hafa rödd og vera séð. Þau tilheyra hópum sem eru að feta sín fyrstu skref í íslensku samfélagi og skóla. Einnig eru börn sem hafa verið hér lengur eða 3 ár og skemur en komin stutt á veg í íslensku og hafa ekki aðlagast. Við skólann eru nemendur sem hafa aðlagast og tala góða íslensku. Þau

þurfa ekki eins mikið utanumhald en það þarf þó að taka utan um þau líka. Öll tvítyngd börn eiga rétt á stuðning. Íslensk börn sem hafa verið búsett lengi á öðrum stað en Íslandi eiga einnig að fá aðhald. Til þess að gera skólagöngu nemenda skemmtilega, áhrifaríka og örugga þá þarf að halda vel utan um þau frá byrjun. Þó gildir sú regla um alla nemendur íslenska eða ekki. Í 16.grein grunnskólalaga nr.91/2008 er kveðið á um að skólar verði að gera móttökuáætlun vegna nemenda með annað móðurmál en íslensku. Verkefnastjóri og ÍSAT kennari var Sóley Ósk Sigurgeirsdóttir. Hún sá um að halda utan um nám nemenda í Brú í íslensku sem öðru tungumáli ásamt samskiptum við forráðamenn nemenda.

Móttaka, viðtal og almenn eftirfylgni fyrsta árið er í höndum verkefnastjóra Brú. Nemendur sem sóttu kennslu í Brú höfðu verið á Íslandi skemur en í tvö ár, sum höfðu verið í einn mánuð áður en þau hófu nám. Einn nemandi hafði verið búsettur á Íslandi í yfir tvö ár.

---

## 16.1 NEMENDAFJÖLDI OG KENNSLUSTUNDIR

---

Nemendur í Brú í upphafi skólaárs voru tíu og fjöldi kennslustundir á hvern nemanda var frá sex til átta kennslustundir.

- 3.bekkur – þrjú nemendur
- 4.bekkur – einn nemandi
- 5.bekkur – einn nemandi
- 7.bekkur – tveir nemendur
- 8.bekkur – tveir nemendur
- 9.bekkur – einn nemandi

Frá og með áramótum varð breyting á nemendahópnum í Brú. Við bættust tveir nemendur úr fyrsta bekk sem þörfnuðust fyrst og fremst talþjálfunar. Í apríl 2024 hættu þrjú nemendur (systkini) vegna flutninga í annan landshluta. Við bættist ein stelpa sem byrjaði í þriðja bekk. Í lok skólaárs voru 10 nemendur og voru þá meðal kennslustundir á hvern nemanda um 5.5 kennslustundir.

- 1.bekkur – tveir nemendur ( 1 kennslustund)
- 3.bekkur – tveir nemendur (5.5 kennslustundir)
- 4.bekkur – einn nemandi (5.5 kennslustundir)
- 7.bekkur – tveir nemendur (5.5 kennslustundir)
- 8.bekkur – tveir nemendur (5.5 kennslustundir)
- 10.bekkur – einn nemandi (5 kennslustundir)

Kennslustundum fækkaði til að mynda vegna stofubreytinga (fórum í minni) einnig voru nemendur orðnir frekar sjálfstæðir og verkefnastjóra ásamt umsjónarkennurum fannst mikilvægt til að mynda að eldri nemendur sóttu alla tíma í stærðfræði. Einnig gerði verkefnastjóri ráð fyrir að nota föstudaga í önnur verkefni sem tengjast þróun deildarinnar þar með dattu kennslustundir út á föstudögum. En ef þurfti á að halda þá var tekið út nemendur í samráði við kennara.

Nemendur í Brú höfðu sem móðurmál: nepölsku/ensku, spænsku, pólsku, úkraínsku, nígerísku/ítölsku. Þó voru einhver börn ekki með ákveðið móðurmál þar sem að þau höfðu flutt á milli landa. Það gerðir stundum erfitt fyrir í lærdómi fyrir þessi börn. Þar sem ekki var hægt að leita í móðurmálið með tækninni til að útskýra sem dæmi. Þar sem orðaforði var ekki nægilega sterkur.

---

## 16.2 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG

---

Nám nemenda var skipulagt í samræmi við hæfniviðmið Aðalnámskrá Grunnskóla og var lögð áhersla á að hver nemandi fengi að njóta sín í námi. Hæfniviðmið sem fylgt var eftir voru fyrir íslensku sem annað tungumál: forstígg og 1.stígg.

Í byrjun skólaársins voru nemendur ávallt saman fyrst á morgnanna í allt að tvær til þrjár kennslustundir í senn. Lagt var áherslu á að byggja upp öryggi með því að kenna þeim á umhverfið og íslenskt skólakerfi sem og samfélag. Áhersla var lögð á leiki eins og veiðimann og látbragðsleiki til að tengslamyndun ætti sér stað. Einnig var unnið að því að nemendur í Brú liðu vel innan um hvert annað og væru þá hluti af hópi. Alltaf á morgnanna var farið hljóðað sig í gegnum stafrófið, talið upp í 20 og lengra eftir því sem þau urðu betri, hvaða dagur sé, hvað klukkan væri og hvernig veðrið var. Það var talað um daginn og vikuna, almennt um hvað væri framundan. Öryggi jókst, vinnusemin varð meiri og skilningur betri.

Eftir áramót breyttist skipulagið á bekkjarstofum í skólanum, þar með þurfti Brú að flytja sig um sess í minni stofu. Þá var skipt upp hópnum enda komin tími á það. Þar sem kröfur til eldri nemenda urðu meiri og öðruvísi en til yngri, þó að einnig var sett auknar kröfur á þau. Einnig var ákjósanlegt að hafa minni hópa til að leggja áherslu á að reyna byrja tala íslensku. Þó taldi verkefnastjóri að mikilvægt væri að allir nemendur myndu hittast einu sinni í viku, fá að tala sitt móturmál og hafa gaman. Við lásam saman, spiludum saman og fórum í látbragðsleiki.

Skipulagið á kennslu eftir áramót var aukin orðaforði, nota tæknina í vinnu, kenna námstækni og meiri kröfur voru settar í lestri og að svara spurningum skriflega, allt á íslensku. Lesið var upphátt og allir skiptust á og kennari spurði spurninga til hvers og eins um að svara. Þetta reyndist góð leið til að fá alla að fylgjast með og heyra og tala íslensku. Einnig var lögð enn meiri áhersla á að tala íslensku. En, ef mikið lá við, sem dæmi vanlíðan eða ef þau skildu ekki eitthvað sem var að gerast í skólanum þá var notast við tæknina (google translate) eða gripið til ensku. Eldri nemendur fengu jafnframt stundum aðstoð við nám úr öðrum fögum. Þá til þess gert að þau falla ekki aftur úr og nota til að finna lausnir til að vinna verkefni sem reynast erfið.

**Námsefni:** Námsefni sem hefur verið notuð eru til að mynda: Orðasjóðsverkefni, *Orð eru ævintýri*, *Ritrún*, *Lestrarlandið*, *Kæra dagbók*, samræðuspjöld, *Smábókaskápurinn* á netinu, *Omma lestrarbækur*, ýmislegt áhugavert sem fundið er á mismunandi vefsíðum, klukkuverkefni, stutt lestrar og lesskilningsverkefni fengin af síðu mms sem kallast *Lestrarkassinn*. Einnig þegar tæknin bauð upp á það þá notuðum við Quizlet og Kahoot, Lingq byrjuðum við að kynna, Stafaplánetur og Lestur er leikur voru einnig forrit sem við notuðum. Nemendur unnu frekar sjálfstætt verkefni eins og orðsjóðsverkefni, ritrúnu, ýmis útprentað efni sem þau tengja hluti við orð eða öfugt. Erfitt var að vinna í Lestrarlandi og Kæra dagbók til að byrja með. Efni sem má vinna fyrst eftir áramót eða þegar nemendur hafa náð að vera lausnamiðuð í verkefnavinnu eða þegar þau eru komin á 1.stígg.

**Námsmat:** var byggt á símati á vinnu nemenda, leiðsagnarmat, verkefnabókum, vinnubókum og öðru efni. Til að mynda var kannað lestur, lesskilningur, skilningur, tjáning og skrift.

**Foreldraviðtöl:** Verkefnastjóri sat foreldraviðtöl ásamt umsjónarkennurum og túlki. Foreldraviðtöl voru tvö og eitt móttökuvíðtali. Þó að beiðni sumra umsjónarkennara sat verkefnastjóri fundi með forráðamönnum

ásamt túlki og var túlkur sjálfur. Foreldravíðtöl fóru fram tvisvar yfir veturinn, þ.e. í byrjun október og í miðjum febrúar. Viðtölin fóru fram í skólastofu nemenda eða í Brú

---

### 16.3 NÁMSMAT Í LOK SKÓLAÁRSINS

---

Nemendur sem luku forstigi í íslensku sem annað tungumál voru fimm af tíu nemendum. Þá helst er það vegna óöryggis við að tjá sig á íslensku, þó voru sum af nemendum þegar byrjuð á hæfniviðmiðum 1.stigs þar sem að þau voru lausnamiðuð og vinnusöm. Nemendur unnu skrifleg verkefni og skilningur til staðar. Tjáning var ábótavant. Einnig komu nemendur inn á mismunandi tímum inn í skólann eða fluttust til Íslands sem verður til þess að sumir nemendur komast lengri en aðrir.

---

### 16.4 ÁÆTLAÐUR NEMENDAFJÖLDI NÆSTA SKÓLAÁR 2024-2025

---

- Það má áætla að í lok næsta skólaárs verðir allir búnir með forstigi og stór hluti 1.stig og byrjuð á stigi 2.
- Nemendum mun fjölga í Brú um nemendur 10 , átta af þeim með úkraínsk móturmál, þeir eru flestir á forstigi og 1.stigi samkvæmt upplýsingum frá fyrri skóla. Einn nemandi frá Moldovíu mun einnig bætast við í bætast í hópin sem og einn nemandi í 1.bekki, sem hefur verið í leikskóla í eitt ár.
- Nemendafjöldi næsta skólaárs verður þar af 20 nemendur:
  - **1.bekki** – einn nemandi
  - **2.bekki** – tveir nemendur
    - Einn pólskumælandi og annar með litháískt móturmál en fæddist á Íslandi
  - **4.bekki** – tveir nemendur sem hafa verið eitt skólaár eða skemur á Íslandi.
    - Móturmál spænska og úkraínska
  - **5.bekki** – tveir nemendur sem hafa verið búsettir á Íslandi í rúmlega eitt ár.
    - Móturmál nepalska (þó er ekki sterkt móturmál) og úkraínska
  - **6.bekki** – fjórir nemendur sem hafa verið búsettir á Íslandi í eitt og tvö ár.
    - Móturmál úkraínska
  - **7.bekki** – einn nemandi sem kemur til Íslands haust 2023.
    - Móturmál úkraínska
  - **8.bekki** – tveir nemendur sem hafa verið búsettir á Íslandi í eitt og tvö ár.
    - Móturmál spænska
  - **9.bekki** – þrjú nemendur sem kemur til Íslands sumarið 2023, haust 2023 og sumar 2024
    - Móturmál moldóvíska, nepalska og pólska
  - **10.bekki** – tveir nemendur sem hafa verið búsettir á Íslandi skemur en tvö ár.
    - Móturmál úkraínska.

---

## 16.5 SAMANTEKT

---

Skólaárið hefur verið krefjandi jafnframt skemmtilegt. Nemendum virðast líða vel og allflestir með vini í sínum bekkjum sem og utan. Þau hafa fundið öryggi hvert með öðru í Brú. Þau eru hluti af hóp og ef eitthvað bjátar á, þá vita þau hvert þau getað leitað. Umsjónarkennarar hafa tekið vel utan um nemendur. Þó þurfum við að bæta samvinnu og samskipti milli Brú og umsjónarkennara. Búa þarf til vettvangs eða könnun og heyra hvað kennurum finnst gott og ábótavant. Starfsfólk við skólann hafa tekið mjög vel á móti þessum nemendum sem hingað hafa komið. Það hjálpar við að skapa öruggan reynsluheim fyrir börn sem ekki kunna tungumálið og þar sem menningamunur er mikill. Ef staðið vel að móttöku nemenda og samskipti heim fyrsta árið að mati verkefnastjóra nemenda við skólann þá fellur allt í réttan farveg. Þau munu verða meiri sjálfstæð og aðlagast skóla og samfélaginu í heild sinni. Þó að deildin sé enn á þróunarstigi þá þegar upp er staðið þá hafa orðið miklar framfarir, nokkrir farnir að tjá sig og skilja mikið á meðan aðrir taka sinn tíma við að byrja tala. En það mun koma. Fyrst og fremst hefur öryggi myndast og þau eru ekki eins og „Palli var einn í heiminum“ í Grunnskólanum í Borgarnesi. Þá má dagsverk teljast býsna gott.

---

## 17. SKÝRSLA TEXTÍLKENNARA

---

---

### 17.1 MARKMIÐ

---

Að efla sköpunargáfu nemenda með notkun ýmissa textílefna, efnivið, fjölbreyttum áhöldum og tækjum þar sem áhersla er lögð á að þjálfa fínhyrningar og efla færni vinnu nemenda frá hugmynd að lokaútkomu.

---

### 17.2 UPPBYGGING KENNSLUNNAR/KENNSLUADFERÐIR

---

Skapandi vinna og leiðsagnarnám haft að leiðarljósi við undirbúning, framkvæmd og úrvinnslu kennslu og verkefna. Verkefni eru lögð fyrir í upphafi kennslustundar farið yfir hvaða efnivið og áhöld þarf til verksins. Verkefni eru margvísleg allt frá því að nemendur fari nákvæmlega eftir tilbúni verklýsingu yfir í að hafa algjört frelsi um val og útfærslu viðfangsefna. Reynt var eftir fremsta megni að einstaklingsmiða alla vinnu að getu og áhugasviði nemenda.

---

### 17.3 NÁMSEFNI/GÖGN

---

Kennslubækur og uppskriftarbækur eru hafðar til hliðsjónar ásamt örðu efni af vef sem bæði kennarar og nemendur finna. Stofan er vel útbúin af tækjum, tólum og efnivið sem notuð eru í verkefnavinnu. Saumavélar, óverlockvélar, verkfæri og áhöld í stofu eru notuð ásamt ýmsum gerðum textílefna og garns. Reynt er að endurvinna alla efnisafganga sem verða m.a. að troði í púða.

- 1. bekkur gerði útsaumaða mynd. Þjuggu til einfalda möppu og dúkkulísu sem nemendur hönnuðu, sniðu og klæddu að lokum í fatnað.
- 2. bekkur hannaði og bjó til handbrúðu sem reyndi jafnframt á persónusköpun nemenda. Nemendur settu síðan upp brúðuleikhús með umsjónarkennurum. Lagt var upp með að nemendur stýrðu námi sínu sjálfir innan fagsins. Þannig bjó einn hópur til draumafangara og annar bjó til húllahringi sem skólanum voru síðan færðir.
- 3. bekkur æfði sig á saumavélar þar sem leikniæfingar í vélsaumi eftir Sigrúnu Önnu Ólafsdóttur voru notaðar. Nemendur gerðu einnig púða, þeir máluðu mynd af fjalli á léreft efni og handsaumuðu meðfram útlínunum. Nemendur völdu sér síðan bakhlíð og saumuðu saman með aðstoð kennara og fylltu með troði.
- 4 bekkur hannaði og saumaði figúrur. Fjallað er ítarlega um það ferli sem felur í sér að persónuleg hugmynd/skyssa raungerist. Þannig sjá teiknaða mynd verða að þrívíðum hlut. Nemendur þjálfuðust í vélsaum og útsaum ásamt því að í boði voru fjölbreytt smærri aukaverkefni.
- 5. Bekkur tveir hópar af þrem hannaði og saumaði bakpoka. Þau lærðu nokkrar aðferðir við skreytingar á textíl m.a. að skera út fatafilmur með vínlyskera sem hannaðar voru í forritinu Inkscape. Einn hópur gerði hveitibatík koddaver þar sem þemað var veður og dýr í útrýmingarhættu sem nemendur höfðu unnið með hjá umsjónarkennurum. Nemendur höfðu jafnframt val um viðfangsefni algengt var að nemendur þjuggu til figúrur, hönnuðu og saumuðu fatnað á dúkkur/bangsa eða þjuggu til vnaarmbönd. Allir nemendur í 5. bekk öðluðust grunn í þrjónaskap.
- 6. bekkur saumaði pennaveski eftir sniði frá kennara og hönnuðu mynd (með Inkscape forritinu). Þau lærðu að nota vínlyskera og pressuvél. Þetta verkefni reyndi mikið á sköpunargáfu, útsjónasemi og nákvæmni. Aukaverkefni nemenda var val þar sem sumir saumuðu krosssaum, aðrir gerðu armband úr bómullargarni, einn nemandi heklaði kanínu bangsa og nokkrir saumuðu bangsa úr flísefni.
- 7. bekkur saumaði náttbuxur og stuttbuxur. Áhersla var lögð á að fara eftir sniði, vinna með saumavél (þræða vélina, stillingar, saumspor, bakksaum o.fl.) og vanda frágang. Sumir nemendur völdu að skreyta buxurnar sínar með mynd. Þá var notað Inkscape forrit, vínlyskeri og pressuvél.
- 8. bekkur valdi sér verkefni eftir áhuga þar sem þau notuðu fyrri þekkingu með leiðsögn kennara. Áhersla er lögð á vandvirkni, fræðslu um efnið og aðferðir sem urðu fyrir valinu og að nýta efnið vel. Flestir gerðu krosssaumsmynd en nokkrir gerðu púða með mynd (prentuðu út og notuðu Modgepodge til að festa mynd á efni), einn nemandi saumaði pils, annar bjó til bútasaumspúða úr krosssaumsmyndinni, tveir nemendur saumuðu skíðahúfu og einhverjir hekludu ömmudúllur.
- 9. bekkur var í nýsköpunarverkefni og uppbyggingastefnu platta.
- 10. bekkur fékk að velja milli list-og verkgreina eftir áhugasviði. Þá var kynnt hvað var í boði í hverri listgrein. Textílmennnt var með leðurgerð og opna stofu (þá var hægt að velja sér verkefni og nota öll verkfæri og efni sem til eru í textílmennntstofunni). Verkefnin sem nemendur gerðu voru t.d. að laga og/eða breyta fötunum sínum, hekla, þrjóna lopapeysu, sauma púða, búa til leðurbelti, seðlaveski, hanna leðurtösku, búa til skartgripa o.fl.
- Textílmennnt fyrir áramót: Katrín Rósa Eðvaldsdóttir.
- Textílmennnt eftir áramót: Birgitta Mjöll Eyþórsdóttir (6., 7., 8. og 10. bekkur og Jóhanna M. Þorvaldsdóttir (1.-5. bekkur). Edda Soffía Karlsdóttir sá um forföll á vorönn.

---

## 17.4 ALMENNT HORFT YFIR SKÓLAÁRIÐ

---

Á vorönn þegar við Birgitta og Jóhanna tóku sameiginlega við kennslu á vorönn var megin áhersla lögð á leiðsagnarnám. Þá helst gott skipulag náms og umhverfis stuðlar að valdeflingu nemenda og skýrleika í reglum um umgengni. Því var farið í endurskipulag á stofu, keyptar voru skúffur og aðrar skipulagshirslur. Útbúnaðar voru stofureglur og þær settar á áberandi stað upp á vegg. En þær segja á skýran máta til hvers er ætlast af nemendum og öðrum sem í stofuna koma hverju sinni.

Samstarfið var að öllu leyti gott og við gátum speglað reynslu frá hvor annarri og fengið góð ráð og hvatningu. Við byggðum upp góð samskipti og traust svo bæði nám og samstarf okkar og við nemendur gæti farið fram í umhverfi þar sem óhætt var að gera mistök og læra hver af öðrum.

Birgitta Mjöll Eyþórsdóttir og Jóhanna M. Þorvaldsdóttir

---

## 18. SKÝRSLA HÖNNUNNAR OG SMÍÐA

---

Nemendur í Grunnskólanum í Borgarnesi eru í hönnun og smíði frá 1. til 10. bekk. Nemendum er skipt í hópa eftir stærð árganga. Lagt var upp með að allir hópar væru 4 vikur að hausti og 4 vikur að vori auk þess sem tekin var jólalota þar sem hver hópur tók viku í hverri gein og vann að einhverju jólatengdu.

---

### 18.1 ÁRGANGA/HÓPA SKIPTING OG VERKEFNI:

---

1. bekkur.

Lærum að reima skóna okkar, nemendur fá útsagað fótspor, þau pússa, bora, mála, skreyta og þræða reimar í. Með verkefninu fylgja svo leiðbeiningar hvernig reima á skó. Aukaverkefni er svo að búa til armbönd, pússa smjörhníf og skreyta kassa.

2 bekkur.

Nemendur bjuggu til platta, sáu hvernig vínyskeri virkar og fengu stafinn sinn útskorinn.

Nemendur nota afsögunnar búta og kubba ásamt viðar perlum til að hanna sinn eigið kubba karl/dýr/figúru. Það þarf að pússa, mála, bora og líma eða þræða vír/band til að halda bútonum samann.

3 bekkur

Leikfangaspaða með teygju og dúsk/frauðkúlu. Krossviðarplata ca A4 að stærð saga út með laufsög og pússa. Mála og skreyta með mynd sem ýmist er skorinn út úr vínyl skera eða teiknuð upp með kalkipappír.

Aukaverkefni var svo að búa til yatzy teninga eða kubbapúsl.

4 bekkur.

Nemendur fengu kynningu á Inkscape forriti þar sem búnaðar voru til myndir fyrir vínylskera, Nemendur gerðu skurðarbretti lituðu á það með sýrupenna sem síðan brennist inní tímrið. Búnaðar voru til pennastandar, Nemendur völdu form og söguðu út með laufsög, standarnir voru svo pússaðir og negldir saman og skreyttir af vild.

5 bekkur.

Nemendur smíðuðu kistill, teiknað var upp snið, sagað út og pússað, kistillinn var skrúfaður saman og skreyttur eftir hönnun hvers og eins. Nemendur fengu kynningu á Inkscape forriti þar sem búnar voru til myndir fyrir vínylskera.

6 bekkur.

Nemendur fengu kynningu á Tinkercad teikniforriti, þar teiknuðu þau upp lyklakippu, settu á hana nafn og skreytingar. Farið var með þeim í gegnum það ferli þegar mynd er hlaðin upp í Ultimaker Cura forriti þar sem myndin er sneidd niður og græjuð til útprentunar úr 3D prentar. Lyklakippurnar voru svo prentaðar út og málaðar. Nemendur völdu sér svo allskonar verkefni ýmist smíðuð eða 3d prentuð.

7 bekkur

Nemendur fengu kynningu á Tinkercad teikniforriti, þar teiknuðu þau upp lyklakippu, settu á hana nafn og skreytingar. Farið var með þeim í gegnum það ferli þegar mynd er hlaðin upp í Ultimaker Cura forriti þar sem myndin er sneidd niður og græjuð til útprentunar úr 3D prentar. Lyklakippurnar voru svo prentaðar út og málaðar. Nemendur hönnuðu símastanda sem ýmist voru smíaðir eða 3d prentaðir.

8 bekkur.

Nemendur hönnuðu lampa. Í upphafi lotu fengu allir lampasett, fal,snúru og rofa. Nemendur fengu frjálssar hendur og urðu til margir skemmtilegir lampar. Margar leiðir voru skoðaðar og fengu nemendur kennslu á grunnatriðum í 3D prentun og vínylskera notkun.

9. bekkur

Nýsköpun sjá sameiginleg list og verk skjal.

10.bekkur

Nemendur fengu að velja í hvaða list – og verkgrein þau vildu fara. Kennarar leituðust við að skipta jafnt á hverja grein og hafa hreyfanleika í hópnum. Ekki tókst alltaf að bjóða upp á val númer 1 en nemendur voru ánægðir með fyrirkomulagið. Frekar vinsælt var að velja hönnun og smíði og sumir nemendur völdu að koma oftar en einu sinni, nemendur gátu þá unnið áfram með verkefni út skólaárið.

---

## 18.2 KENNSLUHÆTTIR OG NÁMSMAT

---

Kennsla skipulögð með hæfni viðmið og markmið úr Aðalnámskrá grunnskóla að leiðarljósi, nemendum er kennt að greina og velja verkefni út frá hæfni viðmiðum. Með auknu einstaklings vali á verkefnum er verið að koma til móts við nemendur og að hver nemendur fái að njóta sín og námið sniðið að þörfum hvers og eins. Notast var við fjölbreyttar kennsluáferðir og námsmat þar sem inn í námsmat er talið t.d sjálfstæð vinnubrögð, vinnusemi, umgengni, samvinna, frágangur og verklýsing. Nemendur eru þjálfaðir í að taka ábyrgð á eingin námi sem og hegðun og vinnusemi. Kennsluáferðir eins og leiðsagnamat og símat.



---

### 18.3 VIÐBURDIR

---

Skallaskrímslgarður, nemendur gerðu muni í hönnun og smíði eftir hrekkjavöku þema, sett var upp sýning í Skallagrímssgarði á hrekkjavöku. Frumkvöðla fyrirlestur fyrir unglíngastig með Magnús Scheving. Ópið hús þar sem nem í 9 bekk kynntu vinnu sína í nýsköpun.

---

### 18.4 HUGLEIÐINGAR KENNARA

---

Hönnunar og smíðakennsla gekk vel, þetta var fyrsti skipti sem kennari kennir í þessari stofu. Tækifærið var nýtt til þess að tölurvæða hönnun og smíði og virkja grafíska hönnun. Vélar og tæki voru yfirfarin og keypt nokkur tæki sem uppá vantaði í smíðastofu eins og súluborvél, tífisög og rafhlöðuverkfæri, mest verslað við Bauhaus. Bætt var við 3D prentara og laser prentari keyptur fyrir list og verk. Timbur, plötur og annað efni var fengið í Húsasmíðjunni og yfirleitt sagað til eftir pöntun.

Eva Lára Vilhjálmsdóttir

---

## 19. SKÝRSLA HEIMILISFRÆÐIKENNARA

---

Vegna forfalla á haustönn voru ýmsir sem leystu af í heimilisfræði, á vorönn tók Katrín Rósa Eðvaldsdóttir við kennslunni í öllum árgöngum og kláraði skólaárið.

Nemendur í Grunnskólanum í Borgarnesi eru í heimilisfræði frá 1. til 10. bekk. Nemendum er skipt í hópa eftir stærð árganga. Lagt var upp með að allir hópar væru 4 vikur að hausti og 4 vikur að vori auk þess sem tekin var jólalota þar sem hver hópur tók viku í hverri gein og vann að einhverju jólatengdu.

#### 1.bekkur.

Stuðst var við námsefnið Gott og gaman, þar má finna einfaldar uppskriftir og verkefni sem koma m.a. inn á hreinlæti og vinnulag í eldhúsinu, heimilisstörf og holla lífshætti.

#### 2.bekkur

Stuðst var við námsefnið Heimilisfræði 2, þar má finna einfaldar uppskriftir og verkefni sem koma m.a. inn á hreinlæti og vinnulag í eldhúsinu, heimilisstörf og holla lífshætti.

#### 3.bekkur

Stuðst var við námsefnið Heimilisfræði 3, þar má finna einfaldar uppskriftir og verkefni um vinnulag, hreinlæti, næringarfræði, úrgangs- og umhverfismál.

#### 4. bekkur

Stuðst var við námsefnið Heimilisfræði 4. þar má finna einfaldar uppskriftir og verkefni sem koma inn á vinnulag, hreinlæti, heimilisstörf, næringarfræði, úrgangs- og umhverfismál.

#### 5.bekkur

Stuðst var við námsefnið Gott og gagnlegt 1. Farið í einfalda næringarfræði, heilbrigða lífshætti, hreinlæti og umbúðamerkingar. Leitast við að þjálfa nemendur í matreiðslu og bakstri.

#### 6.bekkur

Stuðst var við efni úr Gagn og gagnlegt 2. Farið var í einfalda næringarfræði og holla lífshætti. Nemendur þjálfaðir í að elda mat sem þeir gætu svo gert heima fyrir fjölskylduna.

#### 7.bekkur

Stuðst var við námsefni bókarinnar Gott og gagnlegt 3. Fjallað var um heilbrigða lífshætti og næringarfræði. Leitast var við að elda í lengri tímanum og bóklegt eða bakstur í þeim styttri.

#### 8.bekkur

Stuðst var við efni úr Næring og lífshættir. Áhersla var lögð á sjálfstæð vinnubrögð við bakstur og eldamennsku. Bókleg verkefni tengdust næringarfræði.

#### 9.bekkur

Nýsköpun, sjá fremst í kaflanum um list og verkgreinar.

#### 10.bekkur

Nemendur fengu að velja í hvaða list – og verkgrein þau vildu fara. Kennarar leituðust við að skipta jafnt á hverja grein og hafa hreyfanleika í hópnum. Ekki tókst alltaf að bjóða upp á val númer 1 en nemendur voru ánægðir með fyrirkomulagið. Í heimilisfræði var lagt upp með að annar tíminn færi í að elda máltíðir og hinn í bakstur en nemendur fengu að stjórna hvað væri gert hverju sinni. Á sínu síðasta ári í grunnskóla eru langflestir orðnir vel færir í eldhúsvörkum hvort sem umræðir framleiðslu eða hreinlæti.

---

## 19.1 KENNSLUAÐFERÐIR OG NÁMSMAT

---

Nemendur eru metnir eftir metanlegum hæfnivíðmiðum Aðalnámsskrár Grunnskóla, gefið er fyrir með bókstöfum A, B+, B, C+, C og D. Verkefnum er hagað eftir getu nemenda hverju sinni með hvatningu að leiðarljósi. Þar sem markmiðið er að nemendur læri og njóti, verði sjálfstæðari í eldhúsinu og taki framförum. Lögð er áhersla á hreinlæti og að nemendur átti sig á tilgangi með heilbrigðum lífsháttum. Einnig var lögð áhersla á jákvæð samskipti, kurteisni og borðsiði, vinnulag, hreinlæti, meðhöndlun matvæla, umhverfis- og neytendavitund. Við námsmat var einnig horft til virkni nemenda í tímum, sjálfstæðra vinnubragða, samvinnu í hóp, þátttöku í umræðum og sjálfsmati nemenda.

Kennsluhættir hjá eldri nemendum tóku mið af því hverju nemendur óskuðu eftir og hófust því allar lotur á því að nemendur voru spurðir hvað þau óskuðu sérstaklega eftir að gera í heimilisfræði þetta árið. Því miður tekst ekki að framkvæma allt sem nemendum dettur í hug en margar góðar hugmyndir voru framkvæmdar. Kennsluáferðir voru margvíslegar og tóku mið getu nemenda en þær fólust meðal annars í sýnikennslu, verklegum verkefnum og bóklegu námi.

---

## 19.2 ÁHERSLUR

---

Á yngsta stigi er lögð áhersla á að nemendur tileinki sér almennt hreinlæti, geti valið hollan mat og útskýrt áhrif hans á líkamann. Einnig að þeir geti farið eftir einföldum uppskriftum, sagt frá helstu hættum í eldhúsi, þekki til flestra heimilisstarfa og helstu áhalda og tækja sem finna ná í eldhúsinu og geti notað þau á réttan máta. Sérstök áhersla var lögð á borð- og mannasíði og framreiðslu. Þar sem nemendur borðuðu giarnan saman í lok tíma, þá dýrindis rétti sem nemendur útbjuggu eins og t.d. hafragraut, ávaxta- pinna eða ávaxtaskál.

Á miðstigi er lögð áhersla á að nemendur geti farið eftir leiðbeiningum um þrif og hreinlæti. Matreitt einfaldar og hollar uppskriftir og nýtt hráefnið sem best eflist í sjálfstæðum vinnubrögðum og í samvinnu með öðrum. Unnið sjálfstætt eftir uppskriftum, greint frá helstu orsökum slysa, skilið einfaldar umbúðarmerkinga, metið útlit og gæði matvæla og geymsluaðferðir þeirra. Geti nýtt ólíka miðla til að leita að upplýsingum um matreiðslu, næringarfræði, kostnað og meðferð matvæla.

Á unglingsstigi er lögð áhersla á þjálfun skipulags við vinnu í eldhúsinu við eldamennsku, bakstur, frágang og sjálfstæði í vinnubrögðum. Geti beitt helstu matreiðsluáðferðum og notað til þess rétt áhöld á réttan máta sjálfstætt og í samvinnu við aðra. Geti greint aðalatriði næringarfræðinnar og útskýrt tengsl næringarefna, hráefna og matreiðslu. Geti nýtt ólíka miðla til að leita að upplýsingum um matreiðslu, næringarfræði, neytendamál, hagkvæmni í innkaupum og geymsluþol matvæla. Nemendur höfðu ákveðið verkefnaval og sjálfstæði í skilum.

Á öllum stigum var rík áhersla lögð á á snyrtimennsku hvað varðar handþvott, notkun svuntu og frágang í eldhúsi þ.e. umgangast eldhúsið af virðingu og varast þær hættur sem þar eru og hvernig við bregðumst við í ólíkum aðstæðum sem geta komið upp við vinnu í eldhúsinu.

---

## 19.3 HUGLEIÐINGAR KENNARA (Á VORÖNN)

---

Nemendum þykir sérstaklega gaman að fá að búa eitthvað til í heimilisfræði en þó þarf einnig að sinna bóklegu námi. Þegar það voru bóklegir tíma í heimilisfræði var boðið upp á epli og brætt suðusúkkulaði eða kex með smjöri og osti í lok tímans. Það er skiljanlegt að nemendur vilji nýta verkgrein til verklegra þátta og því var lögð meiri áhersla á að búa eitthvað til. Flest allt var verslað í Bónus eða Nettó, þó einstaka sinnum pantað úr bænum í gegnum mötuneytið.

Katrín Rósa Eðvaldsdóttir

---

## 20. SKÝRSLA MYNDMENNTAKENNARA

---

Heildarmarkmið: Menntun í listum á að stuðla að því að nemendur öðlist hæfni til að takast á við ófyrirséða framtíð á skapandi hátt. Sjá ný mynstur og hugsa í lausnum og þroska þannig persónulega tjáningu og smekk. Í myndmennt öðlast nemendur tækifæri til að læra og tjá sig án orða. Þar vinna nemendur ýmist verkefni á gagnrýninn hátt um málefni dagslegs lífs eða með ímyndunaraflinu. En eitt lykilhlutverk menntunar er að læra að skilja þann heim sem við búum í svo við verðum virkir samfélagsþegnar sem geti látið gott af sér leiða. Þetta hentar vel í myndmennt þar sem unnið er markvisst með skynjun, greiningu og túlkun sem veitir

nemendum forsendur til þess að sjá það sem þeir horfa á, heyra það sem þeir hlusta á, finna það sem þeir snerta og að skapa þannig út frá reynslunni.

**Kennsluáðferðir, námsefni og námsmat:** Notast er við margskonar kennsluáðferðir í myndmennt s.s einstaklingskennsla, sýnikennsla, leiðsagnarkennsla, umræðu- og spurnaraðferðir, innlifunaraðferðir, leitaráðferðir, samvinnunám eftir því sem hentar hverjum nemenda og hverju verkefni. Námsefni myndmenntarinnar eru hin ýmsu áhöld myndmenntastofunnar sem og það sem finna má í umhverfi hennar. Ýmiskonar efniviður sem bæði er keyptur nýr sem og endurvinnanlegt efni. Ýmiskonar litir og máling sem nota má í hvers konar mynduppbyggingar s.s akrýlmáling, vatnslitamáling, þekjumáling, neon color litir, tússlitir, posca litir og fleira. Unnið er með gifs, leir og annað til að vinna þrívíð verk hverskonar. Notast er við gögn frá kennara, af vef, úr bókum og fleira við undirbúning kennslunnar. Námsmat í myndmennt tekur mið af hæfniviðmiðum úr aðalnámskrá grunnskóla og er metin með bókstöfum.

### 1. bekkur

**(Einu sinni í viku 60 mínútur í senn).**

**Markmið:** Að nemendur geti farið eftir einföldum fyrirmælum að settu marki. Að nemendur kynnist mismunandi áhöldum og tækni sem greinin býr yfir og kynnist því að vinna með fjölbreyttan efnivið. Að nemendur þjálfist í fínhyfingum, tildæmis með því að klippa eftir línu. Að nemendur kynnist mismunandi efnisgerð og sköpun. Að nemendur geti unnið með öðrum og sýnt þeim virðingu. Að nemendur kynnist frumlitunum og geti nefnt þá og kynnist grunnformunum og geti nýtt hvort tveggja í mynduppbyggingu og tóku verkefni sem sköpuð voru mið af þessum markmiðum.

Verkefni: Mappa, sjálfsmynd, frumlitir, jólaverkefni, fiskamynd, grunnform ásamt gerð grímu fyrir árshátíð. Unnið með hugtök sem snúa að greininni eins og sjálfsmynd, bakgrunnur, frumlitir, annars stigs litir, grunnform, bakgrunnur, mynduppbygging.

### 2. bekkur

**(Einu sinni í viku, 60 mínútur í senn.)**

**Markmið:** Að nemendur geti farið eftir einföldum fyrirmælum að settu marki, frá hugmynd til afurðar. Að nemendur kynnist mismunandi áhöldum og tækni sem greinin býr yfir og kynnist því að vinna með fjölbreyttan efnivið. Að nemendur kynnist mismunandi efnisgerð og sköpun. Að nemendur geti unnið með öðrum og sýnt þeim virðingu. Að nemendur geti talið upp frumlitina og blandað líti. Að nemendur kynnist og þekki hugtakið mynduppbygging. Þekki hugtakið áferð og hlutföll höfuðsins. Þekki muninn á grunnformum og náttúrulegum formum. Þekki verk valins listamanns. Þekki myndmál í umhverfi sínu. Geti notað mismunandi áðferðir við vinnu sína. Geti unnið skissur að hugmyndum sínum. og tóku verkefni sem sköpuð voru mið af þessum markmiðum.

Verkefni: Mappa, vasi, krúttleg skrímsli, fjölskyldumynd, jólaverkefni, litir og form auk búninga fyrir árshátíð. Unnið með hugtök sem snúa að greininni, mynduppbygging, mósaík, fjölbreyttar fjölskyldugerðir, litablöndun, grunnform.

### 3. bekkur.

**(Tvisvar í viku 60 mínútur í senn).**

**Markmið:** Að nemendur geti farið eftir einföldum fyrirmælum að settu marki, frá hugmynd til afurðar. Að nemendur kynnist mismunandi áhöldum og tækni sem greinin býr yfir og kynnist því að vinna með fjölbreyttan efnivið. Að nemendur kynnist mismunandi efnisgerð og sköpun. Að nemendur geti unnið með öðrum og sýnt þeim virðingu. Að nemendur geti talið upp frumlitina og blandað líti. Að nemendur kynnist og þekki hugtakið mynduppbygging. Þekki hugtakið áferð. Þekki muninn á grunnformum og náttúrulegum

formum. Þekki myndmál í umhverfi sínu. Geti notað mismunandi aðferðir við vinnu sína. Geti unnið skissur að hugmyndum sínum og tóku verkefni sem sköpuð voru mið af þessum markmiðum.

Verkefni: Mappa (nafn með tvöföldum stöfum) vélmenni, fiskar í sjónum, vasaljósaverkefni, límbandaverk, jólaverkefni, samstæðuspil, borgarmynd, grafíkverkefni auk aukahluta fyrir árshátíð. Unnið með hugtök sem snúa að greininni eins og tvöföldun, grunnform og náttúruleg form, mynduppbygging, forgrunnur, bakgrunnur, nálægð og fjarlægð, fiskar í sjónum, landslagsmynd, blönduð tækni, áferð og grafík.

#### 4.bekkur.

(Tvisvar í viku 60 mínútur í senn).

**Markmið:** Í myndmennt er lögð áhersla á að verk byrji á hugmynd. Áhersla er lögð á vinnuferlið sem leið að niðurstöðu, útkomu, verki. Nemendur nota bæði hefðbundin sem og endurvinnanleg efni við sköpun sína. Lagt er upp með að nemendur kynnist hugtökum, verkfærum og ýmsum hugmyndum sem nýta má í listsköpun. Lögð er áhersla á innlögn, ígrundun, hugmyndaflæði, umræður og sköpun. Nemendur vinna ýmist einstaklingslega eða í litum hópum. Nemandi á að öðlast leikni í að vinna eftir einföldum leiðbeiningum. Þekkja og nota heiti og hugtök sem tengjast hugtökum og aðferðum myndlistar. Nemendur vinna eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar og þjálfast í að geta sagt frá vinnuferlinu. Nemandi fær þjálfun í að nota og ganga um viðeigandi áhöld og efnivið. Nemandi á jafnframt að vera þátttakandi í kennslustund og æfa sig í frágangi eftir vinnu sína og sýna virðingu. Nemandi á að skapa myndverk með margvíslegum aðferðum og tjá skoðanir sínar og tilfinningar á meðan á myndsköpun stendur og tóku verkefni sem sköpuð voru mið af þessum markmiðum.

Verkefni: Mappa, teikning (turn í gegnum 1 fjarvíddarpunkt) spilahönnun (tabata mylla), jólaverkefni, heitir og kaldir litir, borgarmynd, grafík. Auk aukahluta fyrir árshátíð.

#### 5.bekkur.

(Tvisvar í viku, 1x 80 mínútur og 1x 60 mínútur).

**Markmið:** Í myndmennt er lögð áhersla á að verk byrji sem hugmynd. Áhersla er lögð á vinnuferlið allt sem leið að niðurstöðu, útkomu, verki. Nemendur nota bæði hefðbundin sem og endurvinnanleg efni. Lagt er upp með að nemendur kynnist hugtökum, verkfærum og ýmsum hugmyndum sem nýta má í listsköpun. Nemandi þjálfast í að vinna eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar og notað kveikju. Nemandi þjálfast í að útskýra og sýna vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd að myndverki. Nemandi þjálfast í að geta unnið út frá kveikju við eigin listsköpun. Nemandi á að hagnýta leikni í einföld verkefni sem byggja á meðferð lita, formfræði og mynduppbyggingu og greina á milli aðferða. Ásamt því að þekkja og nota hugtök og heiti sem tengjast greininni. Tilgangurinn er að skapa myndverk í ýmsum tilgangi með margvíslegum aðferðum og tóku verkefni sem sköpuð voru mið af þessum markmiðum.

Verkefni: Mappa (skjaldarmerki) Nemendur útbúa og hanna sitt eigið skjaldarmerki. Gifsgríma, op list, jólaföndur í jólalotu, litafræði, aukahluti fyrir árshátíð, 4 laga mynd, mósaík myndverk, gifskalla, pappafígúra í mannsmynd.

#### 6.bekkur.

(Tvisvar í viku, 1x 80 mínútur og 1x 70 mínútur sem breyttist svo eftir áramót þegar hópurinn fór í 4 hópa og voru nemendur þá í 90 mínútur á miðvikudögum og í samstarfi við umsjónakennara unnið samstarfsverkefni í þema á föstudögum í 60 mín)

**Markmið:** Í myndmennt er lögð áhersla á að verk byrji sem hugmynd. Áhersla er lögð á vinnuferlið allt sem leið að niðurstöðu, útkomu, verki. Nemandi notar bæði hefðbundin sem og endurvinnanleg efni. Lagt er upp með að nemandi kynnist hugtökum, verkfærum og ýmsum hugmyndum sem nýta má í listsköpun. Nemandi þjálfast í að vinna eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar og nota kveikju. Nemandi þjálfast í að útskýra og

sýna vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd að myndverki. Nemandi á að vinna hugmynd frá skissu að lokaverki bæði fyrir tví- og þrívið verk. Nemandi þjálfast á að byggja listsköpun sína á hugmyndavinnu tengdri ímyndun, rannsóknnum og reynslu. Nemandi þjálfist í að útskýra og sýna vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd til afurðar og geri grein fyrir helstu hugtökum sem tengjast námsgreininni og þjálfist í að beita helstu tækni hennar. Nemandi þjálfist í að nýta sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun. Hagnýtt leikni í einföld verkefni sem byggja á meðferð lita, formfræði og mynduppbyggingu og tóku verkefnin sem sköpuð voru mið af þessum markmiðum.

Verkefni: Gifsgríma, myndverk á blindamma, litafræði og speglun, listmálun, jólaföndur í jólalotu, Klukka og þemaverkefni líffæri mannlíkamans ásamt umsjónakennurum. Sem sett var upp á sýningu í Safnahúsinu í Borgarnesi.

### 7.bekkur.

**(Tvisvar í viku, 1x 90 mínútur og 1x 60 mínútur).**

**Markmið:** Í myndmennt er lögð áhersla á að verk byrji sem hugmynd. Áhersla er lögð á vinnuferlið allt sem leið að niðurstöðu, útkomu, verki. Nemandi notar bæði hefðbundin sem og endurvinnanleg efni. Lagt er upp með að nemandi kynnist hugtökum, verkfærum og ýmsum hugmyndum sem nýta má í listsköpun. Nemandi þjálfast í að vinna eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar og notað kveikju. Nemandi þjálfist í að útskýra og sýna vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd að myndverki. Nemandi á að vinna hugmynd frá skissu að lokaverki bæði fyrir tví- og þrívið verk. Nemandi þjálfast á að byggja listsköpun sína á hugmyndavinnu tengdri ímyndun, rannsóknnum og reynslu. Nemandi þjálfist í að útskýra og sýna vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd til afurðar og geri grein fyrir helstu hugtökum sem tengjast námsgreininni og þjálfist í að beita helstu tækni hennar. Nemandi þjálfist í að nýta sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun. Hagnýtt leikni í einföld verkefni sem byggja á meðferð lita, formfræði og mynduppbyggingu og tóku verkefnin sem sköpuð voru mið af þessum markmiðum.

Verkefni: Stop motion ( sköpun, söguborð og upptaka), jólaföndur í jólalotu. Dúkristun (einföld útfærsla) árshátíðar aukahlutir, 4 laga mynd og grafík

### 8.bekkur.

**(Tvisvar í viku, 60 mínútur í senn).**

**Markmið:** Nemandi þjálfist í að vinna eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar og kveikju. Nemandi þjálfist í að skrásetja og setja fram hugmyndir á fjölbreyttan hátt byggðar á eigin ímyndunarafl og eða rannsókn, myndrænt og eða í texta. Nemandi þjálfist í að vinna sjálfstætt eftir vinnuferli frá hugmynd til lokaafurðar og geti greint frá mismunandi nálgun við vinnuna. Nemandi þjálfist við að sýna og útskýra vinnuferli frá hugmynd að lokaverki sem felur m.a í sér upplýsingaöflun, tilraunir og samtal. Nemandi þjálfist í að tjá sig um verkefni sín með því að nota hugtök sem greinin býr yfir. Nemandi þjálfist í að gagnrýna af þekkingu, sanngirni og virðingu eigin verk og annarra bæði einn og í samvinnu. Nemandi þjálfist jafnframt í frumkvæði í umgengni og frágangi á vinnusvæði sem og að skipuleggja vinnu sína með sjálfbærni í huga og tóku verkefnin sem sköpuð voru mið af þessum markmiðum.

Verkefni: Brúarverkefni (hópverkefni), portétt í anda listamannsins Andy Warhol, 4 laga mynd, jólamálun á postulín í jólalotu, fjarvíddarteikning í gegnum 1 hvarfpunkt, vatnslitamálun og tiskumynd með blandaðri tækni.

### 9.bekkur.

**(Tvisvar í viku, 60 mínútur í senn).**

**Markmið:** Áhersla 9.bekkar er á nýsköpun í list- og verkgreinum þetta skólaárið eins og undanfarin 4 ár. Þannig að nemendur í 9. bekk þjálfist í að vinna eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar og kveikju.

Nemandi þjálfist í að skrásetja og setja fram hugmyndir á fjölbreyttan hátt byggðar á eigin ímyndunarafli og eða rannsókn, myndrænt og eða í texta. Nemandi þjálfist í að vinna sjálfstætt eftir vinnuferli frá hugmynd til lokaafurðar og geti greint frá mismunandi nálgun við vinnuna. Nemandi þjálfist í að vinna sjálfstætt eftir vinnuferli frá hugmynd til lokaafurðar og geti greint frá mismunandi nálgun við vinnuna. Nemandi þjálfist við að sýna og útskýra vinnuferli frá hugmynd að lokaverki sem felur m. a í sér upplýsingaöflun, tilraunir og samtal. Nemandi þjálfist í að tjá sig um verkefni sín með því að nota hugtök sem greinin býr yfir. Nemandi þjálfist í að gagnrýna af þekkingu, sanngirni og virðingu við eigin verk og annarra bæði einn og í samvinnu. Nemandi þjálfist jafnframt í frumkvæði í umgengni og frágangi sem og að skipuleggja vinnu sína með sjálfbærni í huga. Einnig er lögð áhersla á góð samskipti, frágang og umgengni. Verkefni: Sem komu út úr þessari nýsköpunarvinnu og voru sýnd og til sölu á opna degi skólans 2.maí voru meðal annars lykklakippur úr leir, lykklakippur úr leðri með Bubbalögum, eyrnalokkar, leirskálar, kústur/fægiskófla, uppskriftarbók, ilmavatn, drykkur, eftirrættir, kökur, muffins og fleira.

## 10.bekkur.

**(Tvisvar í viku, 60 mínútur í senn).**

**Markmið:** Nemandi þjálfist í að vinna eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar og kveikju. Nemandi þjálfist í að skrásetja og setja fram hugmyndir á fjölbreyttan hátt byggðar á eigin ímyndunarafli og eða rannsókn, myndrænt og eða í texta. Nemandi þjálfist í að vinna sjálfstætt eftir vinnuferli frá hugmynd til lokaafurðar og geti greint frá mismunandi nálgun við vinnuna. Nemandi þjálfist við að sýna og útskýra vinnuferli frá hugmynd að lokaverki sem felur m.a í sér upplýsingaöflun, tilraunir og samtal. Nemandi þjálfist í að tjá sig um verkefni sín með því að nota hugtök sem greinin býr yfir. Nemandi þjálfist í að gagnrýna af þekkingu, sanngirni og virðingu eigin verk og annarra bæði einn og í samvinnu. Nemandi þjálfist jafnframt í frumkvæði í umgengni og frágangi á vinnusvæði sem og að skipuleggja vinnu sína með sjálfbærni í huga og tóku verkefni sem sköpuð voru mið af þessum markmiðum.

Verkefni: Nýlunda í 10.bekk þetta árið að leyfa nemendum að velja sér list- og verk leið eftir áhugasviði hvers og eins nemenda. Mörg völu voru í boði eftir greinum. Í myndmennt var hægt að velja sér í listmálun til að mynda landslag á striga. Leirmótun, kúla, skálar, krukkur og fleira og fór kennari með leir í brennslu hjá Glit í Reykjavík bæði hrábrennslu og svo gljábrennslu, Canva hönnun, þar sem hönnuð voru kort, plötuumslög, skólablað og fleira og loks listsköpun eftir áhuga þar sem gerðar voru breytingu á útskýringu og dúkristun á blöð og poka.

Ásamt þessum hefðbundnum greinum, kenndi myndmenntakennari val í 2 lotur á skólaárinu á yngsta stigi, 4 lotur í miðstigsvali eða leirval, stop motion, leirhús og grafík og 2 lotur val á unglingsstigi. Teiknival og listaval.

---

## 20.1 NÝNÆMI OG HUGLEIÐINGAR KENNARA

---

Á þessu skólaári voru gerðar nokkrar breytingar á högum skólafarsins í list- og verkgreinum. Kennslustundir voru ýmist styttrar eða teknar í tvennt. Eins og tildæmis á unglingsstigi þá komu nemendur tvisvar í viku í 60 mínútur í senn í stað þess að koma í 120 mín einu sinni í viku. Einnig voru breytingar gerðar á fleiri árgöngum varðandi tíma en kennslustundir voru oftast um 60 mínútur og reyndist þessi breyting góð fyrir nemendur og meira varð úr kennslustundum að mati kennara. Einnig var gerð breyting í þemaviku skólans fyrir árs hátíð en þá komu list- og verkgreinakennara meira inn í árganga til aðstoðar fyrir kennara að úrvinnslu búninga og sviðsmynda fyrir árs hátíð sem var að mati kennara líka til góðs fyrir alla hluteigandi. Einnig breyttist eftir áramót kennsla í list- og verkgreinum í 6.bekk. Þar sem nemendur fóru í einu sinni í viku í 90 mínútur í

hefðbundnar list- og verkgreinar og svo einu sinni í viku í 60 mínútur í sérstakt samstarfsverkefni með umsjónakennurum árgangsins með áherslu á líffæri mannlíkamans og í kjölfarið var sett upp sýning af afrakstri verkefnisins í Safnahúsinu í Borgarnesi. Er von kennara að svoleiðis samstarfsverkefni list- og verkgreina við umsjónakennara verði jafnvel aukin á næstkomandi skólaári.

Anna Sigríður Guðbrandsdóttir.

---

## 21. VAL

---

Með valgreinum er átt við að nemendum er gefinn kostur á að leggja stund á aðrar námsgreinar eða námsþætti en tilgreindar eru í aðalnámskrá grunnskóla eða dýpka þekkingu sína og færni í ákveðnum skyldunámsgreinum. Mætingarskylda er í valgreinar jafnt og í öðrum greinum.

Val í 1.bekk hafði ekki fastan tíma í stundaskrá. Val í 2.-4.bekk var einu sinni í viku. Kennarar í þeim árgöngum ásamt list- og verkgreinakennurum sinntu kennslu.

Á miðvikudögum voru tvær kennslustundir á miðstigi helgaðar vali þar sem nemendur í 5. – 7. bekk völdu viðfangsefni þvert á bekk og nemendum því skipt í hópa eftir áhuga hvers og eins. Þar fengu nemendur fjölbreytt viðfangsefni þar sem sköpun og sjálfstæði nemenda var haft að leiðarljósi. Fjórar lotur voru yfir veturinn þar sem fimm til sex fjölbreytt námskeið voru í boði hverju sinni. Kennsla var í höndum list- og verkgreinakennara skólans ásamt kennurum á miðstigi.

Valgreinar í unglingsáæild eru hluti af skyldunámi í 8., 9. og 10. bekk grunnskóla. Nemendur fengu í upphafi senda rafræna kynningu á þeim námskeiðum sem í boði voru og völdu síðan einnig rafrænt og var ráðað í hópa eftir því vali þvert á bekk.

Val í unglingsáæild var með tvennum hætti annars vegar fór fram val á þriðjudögum sem var ein og hálf kennslustund. Valið skiptist í fjórar lotur yfir veturinn, sjö til átta námskeið í hverri lotu. Kennarar á unglingsáæild ásamt list- og verkgreina kennurum sáu um kennsluna.

Val fór einnig fram á smiðjuhelgi. En þá eru nemendur einum tíma skemur á viku í skólanum en viðmið gera ráð fyrir og í staðinn vinna þeir með þessum hætti eina helgi á önn. Þeir mæta á í skólann og vinna í smiðjum frá 14.30 á föstudegi til kl. 18:30 og síðan kl. 8:30 á laugardegi til 14:30.

Fyrri smiðjuhelgin var 29. - 30. september. Þær smiðjur sem boðið var uppá voru breakout, golfsmiðja, góða veislu gjöra skal, metabolic og frisbíggolf, smíðasmiðju, teiknismiðju og brekkusnigla/fjallganga. Seinni smiðjuhelgin var síðan 12. – 13. apríl. Þá var boðið uppá austurlenska matargerð, hnefaleika/box, klifur, ljósmyndasmiðju, mosaik og fleira fönður, rafíþróttir og skartgripagerð. Kennsla var almennt í höndum utan að komandi aðila en þó eru kennarar innan skólans sem kenna stöku námskeið í smiðjum.

Þeir nemendur sem sátu í stjórn Nemendafélagsins eða störfuðu sem tæknimenn gátu sótt um undanþágu frá vali 1,5 klst. á viku. Þeir sem stunduðu afreksíþróttir voru í tónlistarskóla, björgunarsveitinni eða stunduðu nám í MB eða öðrum framhaldsskóla gátu einnig sótt um undanþágu frá vali 1,5 klst. á viku.



---

## 22. VETTVANGSFERÐIR Á VEGUM GRUNNSKÓLANS Í BORGARNESI

---

Vettvangsferðir eru m.a. leið skólans til að tengja námið veruleikanum utan skólastofunnar og færa þannig bóklegt nám nær reynsluheimi nemandans hverju sinni. Listinn hér að neðan eru þær vettvangsferðir sem farið var í.

- **1.bekkur:**

Sveitaferð.

Leikskólaheimsóknir að hausti

- **2. bekkur:**

Heimsókn á Landnámssetrið.

Vorferð á Seleyri

- **3. bekkur:**

Fjöruferð

Vorferð á Akranes

- **4.bekkur:**

Vorferð á Varmaland

Gróðursettar trjáplöntur við Sólbakka

- **5. bekkur:**

Reykholt

Rauðanes

- **6. bekkur:**

Snorrastofa.

Heimsókn á Landnámssetrið.

Ferð á Akranes

- **7. bekkur:**

Námsferð að Reykjum.

Sigling um sundin blá um Faxaflóa

- **8. bekkur:**

Haustferð í Brautartungu

Skíðaferð

- **9. bekkur:**

Skólabúðirnar að Úlfjótuvatni. Skólastjóri og umsjónarkennari sjá um skipulagningu ferðarinnar.

Þín framtíð í Laugardalshöll.

- **10. bekkur:**

Þriggja daga skólaferðalag.

10. bekkur fer í dagsferð til Reykjavíkur að hausti.

---

## 23. NEMENDAFÉLAG – FÉLAGSSTARF

---

Stjórn Nemendafélags Grunnskólans í Borgarnesi, sem skipuð er nemendum úr 8.- 10. bekk, skipuleggur í samstarfi við skólastjórnendur félagsstörf nemenda og sér um framkvæmd þeirra ásamt því að vera ráðgjafi skólastjórnenda um ýmis málefni. Nemendaráð semur starfsáætlun þar sem allir félagsmenn eiga að finna eitthvað við sitt hæfi. Nemendur úr NFGB eiga fulltrúa í Húsráði Óðals sem skipað er fulltrúum úr skólum sveitarfélagsins. Húsráð Óðals sér um allt skipulag sem fellur undir starf er tengist félagsmiðstöð.

Aðalstjórn NFGB fundar að jafnaði einu sinni í viku með deildarstjóra og sér um að skipuleggja það starf sem fellur beint undir skólann. Hlutverk tæknimanna er nokkuð stórt þar sem þeir koma að tæknimálum við ýmsar upptökur sem haldnar eru í skólanum t.d. árshátíð, skólaslit, fyrirlestra og aðra þá viðburði sem eru haldnir auk þess sem aðrir stjórnarmenn aðstoða þá við undirbúning og frágang.

Ýmsir viðburðir voru í vetur þar sem nemendafélagið hélt utan um taumana. M.a. var farið á jólaball Grunnskóla Borgarfjarðar og Lyngbrekkuballið. Einnig fóru allir nemendur unglingsdeildar ásamt 7. bekkjar að fylgjast með keppni okkar fólks í Skólahreysti og var boðið uppá pizzur eftir keppni. Eitt stærsta verkefni NFGB er jólaútlit skólans sem sendir út eina viku í byrjun desember. Nemendur og bekkir semja og undirbúa útlit þætti að hluta til á skólatíma undir stjórn kennara. Þættir yngstu nemendanna eru teknir upp fyrir fram en nemendur í eldri deild eru almennt í beinni útsendingu. Allt utanumhald tæknimála, söfnun auglýsinga og fleira er í höndum stjórnar NFGB. Jólaútlitið er ein helsta tekjuöflun félagsins og fara fjármunir sem safnast vegna auglýsinga í sjóð.

Nemendafélagi stóð einnig fyrir leikhúsferð þar sem nemendur í 8. – 10. bekk fóru á Akranes að sjá sögnleikinn Úlfur, úlfur sem sem nemendur í Grundaskóla sýndu. Á vordögum var farið í skemmtilegum

stigaleik þar sem allir nemendur og starfsfólk á unglingastigi tók þátt og síðan ver slegið upp smá veislu og verðlaunaafhendingu.

Hagnaði af starfsemi félagsins er varið til niðurgreiðslu á kostnaði vegna þeirra viðburða og verkefna sem NFGB stendur fyrir, ásamt því að styrkja ferðir félagsmanna á skólaárinu.

### Stjórn NFGB skólaárið 2023 – 2024 skipuðu:

Björgvin Þór Ívarsson, formaður  
Halldór Bjarni Steinunnarson, varaformaður  
Sigurgeir Erik Þorvaldsson, gjaldkeri,  
Alda Rut Eðvarsdóttir, ritari,  
Brynjar Þór Þorsteinsson, meðstjórnandi  
Freyja Morbjerg, meðstjórnandi  
Auðunn Atli Scott, tæknistjóri  
Birgir Ívar Pálmason og Sindri Karl Sigurjónsson, aðstoðar tæknistjórar

Lög og starfsreglur NFGB má finna á heimasíðu skólans.

<https://borgarbyggd.is/stofnun/grunnborg/sidur/nemendur-og-foreldrar/stjorn-nemendafelags-grunnskolas-i-borgarnesi-fyrir-skolaarid-2023-2024>

Kristín M. Valgarðsdóttir

---

## 24. ÞRÓUNARVERKEFNI

---

### 24.1 LESTUR

---

Við leggjum alltaf áherslu á lestur í skólanum hjá okkur hvort sem um er að ræða lesfimi eða lesskilning. Vinnum m.a. með byrjendalæsi á yngsta stigi og nýtum okkur fjölbreyttar aðferðir á öllum stigum. Áhersla á heimalestur og skráningu á lestri er mikil á yngsta og miðstigi. Unnið er eftir ákveðnum verkferlum ef heimalestri er ekki sinnt sem skyldi og til að veita foreldrum aðhald við að láta börnin lesa heima.

Umsjónarkennari og /eða íslenskukennari halda utan um þá skráningu. Hlutverk foreldra í lestrarkennslu barna er einnig stórt og því er mikilvægt að því sé sinnt sem skyldi.

Mikið er unnið með lesskilning á öllum stigum og í 3. til 8. bekk er Orðarún lögð fyrir til að kanna lesskilning nemenda. Vinnum ávalt að því markmiði að efla lesfimi nemenda og auka lesskilning. Sýnt er að góð lesfimi styður við lesskilning á meðan slök lesfimi getur dregið úr lesskilningi.

Lögð eru fyrir lesfimiþróf MMS í öllum árgöngum til að mæla lesfimi og stuðst við þau viðmið sem þar eru gefin út. Skólinn leggur áherslu á að allir taki prófið ef mögulegt er og er skráningarhlutfall herra en landsmeðaltal. Sex bekkir af 10 mældust yfir landsmeðaltali í lesfimi, tveir á landsmeðaltali og tveir undir.

Mikill metnaður er hjá kennurum að auka lestrarfærni nemenda sinna og taka nemendur stöðugum framförum.

Kristín M. Valgarðsdóttir

---

## 24.2 TEYMI

---

Innan skólans eru heilsueflandi teymi: Lausnateymi, Grænfáninn og Uppeldi til ábyrgðar.

Í vetur var fulltrúi á hverju stigi sem sá um að verkefni hvers teymis yrðu gerð á stigunum. Voru því teymin ekki lögð niður heldur störfuðu með breyttu sniði.

---

## 24.3 LAUSNATEYMI

---

Lausnateymi var starfandi í vetur undir stjórn deildarstjóra yngsta stigs Örnú Einarsson en ásamt henni sátu í teyminu fulltrúi frá Skólaljónum Fjóla Benediktsson, Ásta Björk Björnsdóttir sérkennari, Helena Guðmundsdóttir sérkennari og Fanney Þorkelsdóttir þroskahlíf. Teymið fundaði á tveggja vikna fresti á starfstíma skólans.

Hlutverk Lausnateymis

Lausnateymi er jafningjastuðningur við kennara og hlutverk þess er að skoða stöðu barns og leita sameiginlegra lausna þannig að hægt sé að veita barninu og fjölskyldu þess stuðning. Lausnateymi starfar á 1.stigi og er hugað sem snemmtækur stuðningur.

Í lausnateymum er nám, hegðun, þroski og líðan barns rædd og úrræði fundin til þess að bregðast við erfiðleikum eða aðstæðum barns.

Þetta er gert í góðu samstarfi við foreldra barnsins og þeir virkjaðir með það í huga að úrræðin sem lögð eru til séu nýtt bæði í skóla og á heimili eftir því sem þurfa þykir.

Með því að taka mál fyrir í lausnateymi er unnið eftir hugmyndafræði snemmtækra íhlutunar og barn og foreldrar þess aðstoðaðir með það að markmiði að efla lífsgæði og framtíðarhorfur barns.

### Vinnulag lausnateymis

Kennarar senda tilvísun til lausnateymis á sérstöku **eyðublaði** ef þeir telja sig þurfa aðstoða og/eða handleiðslu. Lausnateymið tekur fyrir tilvísanir frá kennurum. Foreldra þurfa að samþykkja þessa beiðni. Kennarar eru kallaðir á fund teymisins þar sem unnið er í lausnaleit. Ef umsjónarkennari er ekki tilvísandi er hann kallaður á fund teymisins ásamt tilvísunaraðila.

Fyllt er út **lausnarblað** teymisins þar sem gerð er áætlun um næstu skref.

Lausnateymi getur óskað eftir aðkomu kennsluráðgjafa vegna vinnslu ákveðinna mála, teymið getur afgreitt og sent beiðnir til talmeinafræðinga, virknimatsráðgjafa, iðjuþjálfara og atferlisfræðinga.

Þeim málum sem ekki hefur tekist að leysa með aðstoð lausnateymis er vísað til nemendaverndarráðs.

---

## 24.4 LEIÐSAGNARNÁM

---

Á starfsdögum í ágúst var sameiginlegur fræðsludagur fyrir starfsfólk beggja skólanna í Borgarbyggð. Fræðslan var góð, grunnefnið kynnt og helstu áherslur. Unnið var í blönduðum hópum og léttleiki ríkjandi. Tilgreint að skipulögð hefði verið fræðsla næstu þrjú árin, verið væri að hefja þá vegferð. Það hentaði vel að starfsfólk skólanna hittist því auðvitað var fleira rätt en leiðsagnarnám.

Allt starfsfólk grunnskólans hafði fengið rafrænan aðgang að bók Nönnu Kristínar Christiansen, *Leiðsagnarnám*. Bókin er þægileg aflestrar, almennt ánægja var með hana, útskýringar góðar og mikið af aðgengilegu fræðsluefni sem sækja má með QR kóða.

Lagt var upp með að rafrænar fræðslufundir yrðu yfir veturinn, með leiðbeinendum frá Háskólanum á Akureyri, en milli funda myndu deildarstjórarar á hverju stigi leiða vinnuna með fundum, innlögn og umræðu eftir því sem hentaði. Vinnan var skilgreind sem hluti stigsfunda. Það reyndist ekki henta nógu vel því efni stigsfunda var oft það mikið að lítil tími gafst til skrafs og ráðagerða varðandi leiðsagnarnámið. Í samráði við leiðbeinendateymið við HA var lagt til að leiðsagnarnámsfundir væru tvisvar í mánuði, 30 mínútur, og stigsfundir tvisvar, en ekki á sama degi. Það reyndist betur.

Það sem situr eftir við lok vetrar er að leiðsagnarnámið er áhugavert og þægilegt að fylgja því eftir sem lagt er upp með í bókinni. Margt sem þar kemur fram hafa kennarar séð áður, en gott að rífa upp og fá nýjar útfærslur. Rafrænu fundirnir, þar sem hver situr við sína tölvu, hafi ekki gefist nógu vel. Kennarar lögðu mikinn metnað í þær kynningar sem lagðar voru fram og einnig var áhugavert að fá kynningu á verkefnum í GBF. Hugsanlega betra að hafa sjaldnar rafrænar innlagnir, en þó fyrir hóp, en hvert stig í báðum skólunum myndi svo hittast tvisvar til fjórum sinnum að vetri til að bera saman bækur sínar. Til skiptis í skólunum. Hugmyndin er að endurskoða framkvæmd innlagna og samráðs næsta vetur.

---

## 24.5 ÖRYGGISNEFND

---

Í Öryggisnefnd voru Þórarinn Torfi Finnbogason, Hulda Geirsdóttir, Hildur Hallkelsdóttir og Haraldur Már Stefánsson.

Öryggisnefnd fundaði fjórum sinnum formlega á skólaárinu og vann auk þess í verkefnum á milli funda. Gerð var meðal annars rýmingaráætlun, bekkjarlistar prentaðir og rautt/grænt spjald útbúið sem fylgir bekkjarlistanum ef rýma þarf skólann. Spjaldið er svo notað til að gefa til kynna hvort allir séu á staðnum eftir rýmingu eða að einhvers er saknað. Haldin var brunaæfing í endann á nóvember þar sem rýming var æfð og þessir hlutir prófaðir. Óskuðum við eftir athugasemdum frá þeim sem tóku þátt í æfingunni og unnum svo úr þeim.

Merkingar fyrir flóttaleiðir voru endurnýjaðar og mun varanlegri veggfesting en kennaratyggjó vera sett upp í haust. Veggvasar frá Plexigler hafa verið pantaðir fyrir það. Þá þurfti að huga að flóttaleiðum eftir að hluta af miðstigs- og unglingaálmum var lokað eftir að mygla fannst þar. Leyst var úr því.

Ný skjöl fyrir slysaskráningu voru útbúin og í stað eins skjals eru þau nú fjögur: slysaskráning, atvikaskráning, bráð veikindi barns og bráð veikindi starfsmanns. Munu þau verða kynnt starfsmönnum á fyrsta starfsmannafundi haustið 2024.

Girðing umhverfis skólann hefur verið í ólestri vegna framkvæmda og var reglulega ýtt á eftir því að hún yrði lagfærð. Gengið verður frá henni í sumar ásamt því að girðing í kring um tún/leiksvæði norðan við skólann verður endurnýjuð, hún hækkuð og ekki mun sjást í gegn um hana.

Núverandi meðlimir Öryggisnefndar hófu samstarf haustið 2023.

---

## 24.6 SAMSTARF VIÐ ERLENDA SKÓLA

---

Í vetur bauðst nemendum á unglingastigi að taka þátt í valgreininni „Erlent samstarf“. Samstarfið var við vinaskólann okkar Základní Škola Karla Jeřábka í bænum Roudnice nad Labem í Tékklandi. Valgreinina kenndi Hildur Hallkelsdóttir, náttúrufræðikennari og verkefnisstjóri var Hulda Hrönn Sigurðardóttir. Unnið var að sameiginlegum rafrænum verkefnum frá nóvember til apríl. Öll samskipti fóru fram á ensku og einnig voru verkefnið unnin á ensku á Padlet, eTwinning og Instagram. Dagana 22. – 26.apríl sóttu 15 tékkneskir nemendur GB heim. Gestgjafar í skólanum voru 8 nemendur í 8. – 9.bekk. Með tékkneska hópnum voru aðstoðarskólastjórinn þeirra Gabriela Škrabalová, Petra Pospíchalová, heimilisfræðikennari og Martina Kríssová, verkefnisstjóri. Nemendum fannst áhugavert að skoða glæsilega aðstöðu í grunnskólanum, bæði í kennslustofum og á útisvæði og nemendum okkar fannst áhugavert að fá að sýna þeim skólann okkar. Það þótti sérstakt að nemendum væri kennt í færanlegum kennslustofum vegna myglu í húsnæði skólans.

Borgarbyggð bauð tékkneska hópnum og gestgjöfum þeirra á sýningar í Safnahúsinu og í sund. Landnámssetrið bauð öllum hópnum á sögusýningarnar.

Þema samstarfsverkefnisins þetta árið var „Matur og menning“. Hópurinn hafði skipts á uppskriftum í vetur og eldaði saman tékkneska og íslenska uppskrift í heimilisfræðistofu skólans. Það var mikið fjör og gaman að sjá hvað krakkarnir náðu vel saman.

Tékkneski hópurinn og gestgjafar fóru í ferð í uppsveitir Borgarfjarðar. Nemendur okkar og þeir sem tengdust verkefninu höfðu valið þá staði sem skyldi skoða. Farið var að Sturlu-Reykjum, þar sem ábúendur buðu hópnum í fræðslu um íslenska hestinn og nýtingu jarðvarma. Einnig var farið að Hraunfossum, Deildartunguhver og gengið á Grábrók.

Hópurinn nýtti sér góða veðrið þessa vikuna til útiveru og sundferðar. Íslenski hópurinn bauð tékknesku félögum sínum upp á hinn rammíslenska þjóðarrétt „pyslu með öllu“ að lokinni sundferð. Það mæltist vel fyrir.

Gerð var Survey Monkey könnun meðal þátttakenda undir lok verkefnis. Svarhlutfall var 88%. Helstu niðurstöður þar voru að nemendur upplifðu sig sem virka þátttakendur í þessu verkefni. Verkefnið á námsvef þóttu svolítið erfið en hefðu gengið þökkalega. Instagram sem samskiptamiðill hefði virkað en nemendur hefðu heldur viljað nota Snapchat. Móttaka gestanna frá Tékklandi hefði gengið vel og flestir hefðu viljað verja meiri tíma með hópnum. Nemendur voru missáttir við kynningu sína á skólanum og einnig var upplifun þeirra af kynningu Tékkanna mismunandi. Nemendur voru almennt ánægðir með ferðina sem hóparnir fóru saman í og töldu hópana hafa náð að kynnast vel. Allir nemendur tilgreindu áhuga á að taka þátt í svona verkefni aftur.

Verkefnið, sem er Erasmus+ eTwinning verkefni, var styrkt af styrkjaáætlun ESB fyrir mennta-, æskulýðs- og íþróttamál. Áætlað er að halda samstarfinu áfram skólaárið 2024 – 2025.

Hildur Hallkelsdóttir og Hulda Hrönn Sigurðardóttir

---

## 25. BÓKASAFN

---

Markmið með starfsemi skólasafnsins er að byggja upp lestrarhvetjandi umhverfi í skólanum. Lögð er áhersla á að jákvæð samskipti og notalegt umhverfi svo safnið sé eftirsóknarverður samverustaður eldri nemenda í frímínútum og skjól allra nemenda sem þurfa næði og ró í skóladeginum. Starfsemi á safninu miðar að því að styðja við lestrar- og ritunarnám allra nemenda með því að hafa á boðstólum lesefni sem hentar öllum nemendum, auðvelda nemendum upplýsingaöflun og heimildavinnu og vinna að lengri og styttri lestrar- og ritunarverkefnum í samstarfi við bekkjarkennara.

Flestir bekkir skólans hafa fastan tíma vikulega sem ýmist er nýttur til að sækja nýjar bækur, fá fræðslu, lesa, vinna verkefni eða kynnast safnkostinum. Nemendur unglíngastígs nýta bókasafnið einnig mikið til samveru í frímínútum og mið- og unglíngastig koma gjarnan í hópavinnu.

Bókasafnið sinnir nemendum og starfsmönnum grunnskólans og er opið kl 8 – 16 alla virka daga. Skráðir lánþegar á safninu eru 402. Á áramótum voru skráð gögn á safninu 17.325. Skráð útlán þennan veturinn voru 7559.

---

### 25.1 SAFNASTARF

---

Safnastarfið var vægast sagt óhefðbundið í vetur þar sem mygla kom upp í skólanum í október og rýma þurfti bókasafnið svo hægt væri að sinna bekkjarkennslu í rýminu. Meginhluta safnkostsins var pakkað niður. Sett voru upp tvö smábókasöfn í skólanum, annars vegar á unglíngastigi og hins vegar á ganginum framan við bókasafnið þar sem settar voru fram bækur fyrir yngsta- og miðstígg. Þetta hafði það í för með sér að hefðbundið safnastarf féll niður fram í apríl og verulega dró úr útlánum frá fyrri árum. Í lok mars var safnið sett upp aftur að undanskildu smásafninu á unglíngastigi. Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu verkefnum:

---

### 25.2 FLOKKUN

---

Þar sem minna var um að gera í bekkjartímum en venjulega var ráðist í það umfangsmikla verkefni að efnisflokka bækur á safninu. Öllum íslenskum barna- og unglíngaskáldsögum öðrum en myndasögum var raðað í flokka eftir efni og þær merktar með kjalmíða. Flokkarnir eru: Ást, drama, fantasía, myndnar, hressir krakkar, hrollur, íþróttir, klassík, spennu, sjóræningjar, víkingar og kúrekar, unglíngar og ævintýri. Þegar komið var inn á safnið aftur í apríl var skáldsögum raðað eftir efnisflokkum. Þessi tilhögun hefur lagst vel í nemendur. Flokkunin er tilraunaverkefni og því ekki endanlega ákveðið að um varanlegt fyrirkomulag sé að ræða. Eftir næsta vetur verður ákveðið í samráði við nemendur hvort farið verður í fyrra horf eða ekki. Þar sem verkefnið er tímabundið er flokkun efnis ekki breytt í Gegni en skráð í exelskrá.

---

### 25.3 KLÚBBAR

---

Lestrarklúbbar hafa verið mjög vinsælir og henta vel til að hvetja nemendur til lestrar. Alls geta nemendur valið úr 8 lestrarklúbbum:

- Drekkaklúbburinn – getuskiptur klúbbur á þremur getustigum
- Ljósaseríuklúbbur – lesnar eru bækur úr Ljósaseríuflokknum.
- Múmínklúbburinn – getuskiptur klúbbur á þremur getustigum
- Ráðgátuklúbburinn – nemendur lesa fimm ráðgátubækur og fá að launum að spila ráðgátuspil.
- Risastóri bókaklúbburinn – getuskiptur klúbbur á 7 getustigum
- Spæjarastofuklúbbur – Lesnar eru bækur úr flokknum um Spæjarastofu Lalla og Mæju.
- Stjáni og stríðnisþúkarnir – léttar lestrarbækur, lesnar eru jafn margar bækur og bekkur nemandans segir til um.
- Þristurinn – lesnar þrjár bækur í seríu

---

### 25.4 SAMSAFN

---

Í vor var farið af stað með hugmynd um að nýta bókasafnið sem markvissari samveru- og fræðsluvæði fyrir unglíngastig. Samsafn fer fram í hádegi unglíngastigs og tekur um 20 mínútur í hvert sinn, ætlunin er að hittast tvisvar í mánuði. Markmiðið er að nemendur geti hist á safninu, fræðst um áhugaverða hluti, frætt aðra eða hist og spjallað um áhugaverða hluti. Þar sem safnið var húsnæðislaust í vetur náðust aðeins fjögur Samsöfn en þau gengu mjög vel. Tvisvar var hist og talað um enska boltann, einn fundur var um lesblindu og annar um athyglisbrest.

---

### 25.5 LISTFENGI

---

Opnaður var sýningarveggur á safninu sem fékk nafnið Listfengi. Þar býðst nemendum að setja upp sýningar á ýmsum verkum. Aðeins náðist ein sýning á árinu. Nokkrir unglíngar sýndu ljóð sem unnin voru í íslenskutímum auk þess sem sýnd voru myndverk frá nemanda í 10. bekk. Sýningin var vel heppnuð og hafa nemendur þegar óskað eftir að fá að sýna verk næsta vetur.

---

### 25.6 BÓKASAFNSDAGURINN

---

Bókasafnsdagurinn var haldinn 8. september 2023 og var yfirskriftin að þessu sinni „Lestur er bestur – frá A-Ö“. Markmið bókasafnsdagsins er tvíþætt: Að vekja athygli á mikilvægi bókasafna í samfélaginu auk þess að vera dagur starfsmanna safnsins. Sett var upp getraun þar sem nemendur áttu að para saman 10 bókakápur og stutta texta úr bókunum.



---

## 25.7 HREKKJAVAKA

---

Víkuna fyrir hrekkjavöku voru bækur tengdar vampírum, uppvakningum, draugum og öðrum óþjóðalýð dregnar fram og þeim stillt upp á safninu auk þess sem safnið var skreytt eins og hæfði tilefninu. Nemendur fengu límmiða fyrir hverja lesna hrekkjavökubók. Boðið var upp á hrekkjavökulestur fyrir 3. og 4. bekk.

---

## 25.8 ÞRAUTABRAUT

---

Nemendur í 4., 5. og 6. bekk tóku þátt í lestrarþrautabraut tengt Handbók fyrir ofurhetjur.

---

## 25.9 BÓKAKAFFI

---

Nemendur í 7. bekk tóku þátt í bókakaffi þar sem bekknum var skipt niður í hópa sem hver átti að kynna sér nokkrar bækur sem þeim voru úthlutaðar: Hóparnir sögðu svo bekkjarfélögum sínum stuttlega frá bókunum og út frá því völdu nemendur sér bækur til að lesa í yndislestrarverkefni.

---

## 25.10 BANGSASTUND

---

Alþjóðlegi bangsadagurinn er 27. október. Í tilefni af honum kom 1. bekkur í bangsalestur á bókasafnið.

---

## 25.11 DAGUR GEGN EINELTI

---

Sett var upp sýning á bókum tengdum vináttu og jákvæðum samskiptum.

---

## 25.12 SKÓLAHÓPAR

---

Tekið var á móti þremur hópum verðandi 1. bekkinga. Hver hópur fékk einn tíma þar sem lesið var úr nýrri bók, skoðaðar bækur af safninu og unnið myndverk tengt sögunni.

---

### 25.13 AÐVENTA

---

Á aðventunni var settur upp jólabókaleikur sem fól í sér að skorað var á nemendur og starfsmenn að lesa bækur sem tengjast jólum.

---

### 25.14 BÓKAKYNNINGAR

---

Kynningar á nýutkomnum bókum voru haldnar á öllum stigum og áhugi nemenda mikill á nýjum bókum. Sérstök kynning var haldin í 10. bekk í tengslum við valbókarverkefni í íslensku. Margir bekkir fengu lestur í stofu og/eða á bókasafninu, ýmist sér til skemmtunar eða í tengslum við bekkjarverkefni.

---

### 25.15 BÓKAVERÐLAUN BARNANNA

---

Mikill áhugi var á meðal nemenda í 1.–7. bekk sem býðst að kjósa bestu barnabók ársins. Þátttakan hjá okkur var góð, 75 nemendur greiddu alls 174 atkvæði. Það var skemmtilegt að sjá að atkvæði dreifðust á 42 bókatitla svo það var greinilegt að lesendum þóttu margar áhugaverðar bækur gefnar út á síðasta ári. Þær bækur sem flestir nemendur völdu voru Fótboltastjörnur: Messi er frábær, Sveindís Jane; saga af stelpu í fótbolta og Fótboltastjörnur; Mbappé er frábær.

---

### 25.16 LESARI MÆLIR MEÐ

---

Í vetur hefur á um tveggja vikna fresti fengist nemandi til að mæla með um 5 bókum. Unnið veggspjald með tillögunum og bækurnar dregnar fram til að vekja áhuga á þeim. Með þessu verkefni hefur tekist að vekja áhuga nemenda á ýmsum bókum sem kannski ekki eru þær sem fara mest í útlán.

---

### 25.17 OPID HÚS

---

Á opnu húsi skólans voru gestir og gangandi boðnir velkomnir á safnið. Í tilefni dagsins var sett upp getraun þar sem nemendum og foreldrum bauðst að giska á hversu margar bækur hefðu verið lánaðar út síðast ár.

---

### 25.18 HEIMSÓKNIR

---

Í vetur fengum við góða gesti á skólasafnið. Forstöðumenn almenningsbókasafna komu í heimsókn í apríl og í maí kom hópur frá Félagi fagfólks á skólabókasöfnum og skoðaði safnið og fékk kynningu á safnastarfinu .

---

---

## 25.19 STARFSFÓLK OG ADBÚNAÐUR

---

### Starfsmenn

Ásta Björk Björnsdóttir er safnstjóri í 70% starfi og Vesna Pavlovic bókavörður í 30% starfi. Safnstjóri heldur utan um starfið á safninu og markar stefnu þess, annast safnakennslu, þemu, innkaup, skráningu og afskriftir auk afgreiðslu og annarra starfa sem til falla. Bókavörður sér um almenna afgreiðslu, frágang (plöstudun) og viðgerðir á bókum. Bókavörður hefur einnig séð um árstíðabundnar skreytingar sem setja mikinn svip á bókasafnið.

### Endurmenntun

Safnstjóri lauk í vetur 30 eininga diplómu í upplýsingafræði frá HÍ. Sótt voru fjögur námskeið á vegum Landskerfis bókasafna og tveggja daga ráðstefna á vegum Upplýsingar, félags upplýsinga- og bókasafnsfræðinga.

---

## 25.20 ADFÖNG OG ADFANGASTEFNA

---

### Innkaup og efnisval

Meginmarkmið safnsins er að eiga fjölbreyttan bókakost sem höfðar til nemenda á öllum aldri. Mest er keypt inn af skáldsögum en einnig fræðibækur sem hentað gætu í heimildavinnu eða falla að áhugasviði nemenda. Að auki hefur orðið til nokkuð safn fagbóka fyrir starfsfólk en er þar að mestu um gjafir til safnsins að ræða. Á bókasafninu eru skráð inn sýniseintök námsbóka sem og útgefnar kennsluleiðbeiningar. Útprintaðar kennsluleiðbeiningar eru líka geymdar á safninu á milli skólaára til að hægt sé að endurnýta þær

### Gjafir

Gjafir sem falla að nýtingu safnsins eru vel þegnar þó er ekki tekið við gjöfum sem fylgja hömlur eða skilyrði.

### Grisjun og tap á bókum vegna myglu

Töluverð grisjon hefur verið gerð í vetur. Afskráðir voru nánast allir geisla- og dvd diskar. Margar eldri bækur voru afskráðar tengt flokkun á efni. 338 bækur voru afskráðar vegna myglu, 104 bækur af safninu auk 7 bekkjarsetta úr geymslu eða 234 bækur.

---

## 25.21 LOKAORD

---

Skólasafnið fær á árinu 945.000 krónur til innkaupa. Þrátt fyrir að það sé myndarleg upphæð má horfa til þess að algengt verð á bók er nú nálægt 4.500 krónum með afslætti og því langt frá að hægt sé að kaupa mörg eintök af hverjum útgefnum barnabókatitli. Ef reiknað er út frá meðalkaupaverði á bók þurfti að afskrifa vegna myglu bækur að verðmæti vel rúmlega eins og hálfis árs úthlutun til safnsins.

Það er tímabært að endurnýja mörg bekkjarsett og mikilvægt að fara í þá vinnu skipulega næstu vetur. Margir skólar lesa 3 bækur af bókum í bekkjarsetti hvern vetur í og vantar okkur mikið upp á að geta boðið nemendum upp á það. 7 bekkjarsett eyðulögðust alveg í vetur vegna myglu og afskrifa þurfti margar bækur úr tveimur settum til viðbótar.

Útlán á skólasafninu okkar eru mikil samanborið við marga skóla og ef við ætlum okkur að viðhalda þeim áhuga sem nemendur sýna bóklestri er mikilvægt að við höfum alltaf til taks þær bækur sem nemendur hafa helst áhuga á að lesa og þeir þurfa á að halda í verkefnavinnu.

---

## 26. SKÝRSLA VELFERÐARKENNARA (BÚBBLAN)

---

Búbblan starfaði á hefðbundinn hátt í upphafi skólaárs. Þetta skólaárið varð sú breyting á að velferðarkennari bætti við sig 20% stjórnunarstöðu og gegndi þannig hlutverki deildarstjóra velferðar ásamt því að sitja í skólastjórn.

Allir árgangar voru með fasta bekkjartíma í slökun, nemendur komu í sjálfseflingarviðtöl og slökunartímar fyrir starfsfólk voru 2x í viku. Þeirri nýjung var bætt við að starfsfólk hafði aðgang að deildarstjóra velferðar fyrir viðrunarfundi eða til að ræða mál sem þyngdu þeim. Þannig væri hægt að létta á sér og spegla hluti. Réð starfsfólk ferðinni með áframhaldið, þ.e. hvort mál voru tekin lengra og/eða fylgt eftir með stöðufundum.

Í október urðu miklar breytingar á stofuskipan þar sem loka þurfti hluta skólans vegna myglu. Rýmið sem búbblian hefur haft til umráða varð að nýta fyrir hluta árgangs og féllu bekkjartímar í slökun því niður fram yfir áramót. Gripið var til þess ráðs að slökunarstundir fóru fram inni í bekkjarstofum fyrir allan hópinn í einu. Einstaklingsviðtöl féllu þá einnig að mestu niður á sama tímabili.

Alls voru 23 nemendur í lengri eða styttri tíma í sjálfseflingu, stöðuviðtölum og/eða eftirfylgniviðtölum vegna eineltistilkynninga.

Þetta skólaár var tilraunaverkefnið Okkar heimur-Skóli sem griðarstaður prufukeyrt í samstarfi við Gedhjálp og Our world. Haldinn var fræðslufundur/vitundarvakning fyrir allt starfsfólk fljótlega eftir skólabyrjun. Í framhaldi af því var vitundarvakning fyrir hvert stig fyrir sig, annað hvort sem fræðslufundur í sal fyrir allt stigið eða inni í hverjum árgang fyrir sig. Umsjónarkennarar höfðu val um að fylgja fræðslunni eftir með námsefnispakka sem þeir höfðu aðgang að. Í öllum árgöngum var fræðslunni fylgt eftir og útfærðu umsjónarkennarar það eins og hentaði hverjum árgangi.

---

### 26.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG

---

Í búbbliunni er lögð áhersla á hugarró og velferð nemenda. Það er gert með þjálfun í núvitund, slökun og hugleiðsla þar sem aðferðir jákvæðrar sálfræði eru fléttaðar inn í hugleiðslusögur.

Markmiðið er að kynna fyrir nemendum aðferðir til að auka velferð þeirra og vellíðan, og flétta þær inn í daglegt skólastarf þannig að allir nemendur skólans hafi möguleika á því að nýta sér þær.

Búbblan hefur verið starfandi í Grunnskólanum í Borgarnesi frá hausti 2017 með nokkuð svipuðu sniði.

---

## 26.2 KENNSLUHÆTTIR/SKIPULAG

---

Allir bekkir eru með fastan vikulegan tíma í búbbblunni og býðst nemendum að fara þangað í litlum hópum í 15 mínútna núvitundarþjálfun, athyglisþjálfun og slökun. Einnig er boðið upp á einstaklingshandleiðslu þar sem hver nemandi, sem sótt er um fyrir, fær 5 skipti sjálfseflingarviðtöl þar sem byggt er á styrkleikavinnu og aðferðum úr jákvæðri sálfræði til að auka vellíðan og jákvæðar tilfinningar.

Jógæfingar eru fléttaðar inn í slökunartíma eftir atvikum. Þá er boðið upp á að rólegt jóga fyrir þá sem vilja en val er um að halda slökuninni áfram. Gerð er svipuð rúttina í hvert skipti svo nemendur finna að þeir verða smám saman öruggari í að gera jógastöðurnar. Þannig er hægt að dýpka þær og tengja við öndun, slökun og athygli. Smám saman er svo bætt við rúttinuna eftir aldri.

---

## 26.3 NÁMSMAT

---

Ekki fer fram formlegt námsmat í búbbblunni en foreldrar og umsjónarkennarar eru upplýstir jafnóðum um viðfangsefni og árangur einstaklingstíma í sjálfseflingu.

Elín Matthildur Kristinsdóttir  
velferðarkennari við Grunnskólann í Borgarnesi

---

## 27. SAMANTEKT

---

Skólaárið 2023 – 2024 var krefjandi en skemmtilegt og fjölbreytt. Á starfsdögum og starfsmannafundum hafa komið hinir ýmsu fyrirlesarar. Við byrjuðum í vetur í innleiðingaferli leiðsagnanáms, sem er þriggja ára verkefni. Við erum í þeirri vegferð með Grunnskóla Borgarfjarðar undir leiðsögn HA.

Í september var sex kennslustofum lokað vegna myglu. Þá þurfti að finna nýjan stað fyrir þá bekki sem voru í þeim kennslustofum, alls 200 nemendur. Bókasafnið var tekið undir einn árgang á miðstigi og fengnar voru tvær færanlegar kennslustofur. Önnur kom þó ekki fyrr en í febrúar og þá var hægt að opna bókasafnið aftur í sinni réttri mynd.

Nú í sumar verða skólastjóraskipti og mun Guðlaug Erlendsdóttir taka við keflinu. Við horfum bjartsýn fram á veginn og er markmið okkar hér í skólanum að byggja upp framúrskarandi skóla sem gott og eftirsóknalegt er að vinna við.